

Afmælisblað

Efnisyfirlit:

- 3 Farsæl starfsemi í fimm ár
- 4 Ýmsir áfangar - myndir
- 5 Upprifjun ráðherra
- 6 Forréttindi að fá að byggja frá grunni
- 7 Ýmsir áfangar
- 8 Íbúarnir öðluðust trú á svæðið
- 9 Hér er pláss fyrir alla
- 10 Ýmsir áfangar
- 12 Ótrúlegt hvað tíminn hefur liðið fljótt
- 13 Sækir vinnu um langan veg
- 14 Í ferðapjónustu og þvotti
- 15 Þetta var ótrúlegur tími og skemmtilegur
- 16 Enn ótal tækifæri til staðar
- 17 Tökum virkan þátt í samfélaginu
- 18 Fleiri atvinnutækifæri fyrir konur
- 19 Styrkur og uppbygging
- 19 Þetta álver er bara snilld
- 20 Sitt lítið af hverju
- 22 Gjörbreytti atvinnustiginu á svæðinu
- 23 Önnur stærsta höfn landsins
- 24 Hamingjuóskir þingmanna
- 26 Að vera eða fara - það var spurningin
- 27 Þakklátir fyrir aukatímann
- 28 Þrjú öflug atvinnufyrirtæki
- 30 Umhverfis Fjarðaál á fimm árum
- 31 Fróðleikur um álið



Fjarðaálsfréttir

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál - Ábyrgðarmaður og ritstjóri: Erna Indriðadóttir

Verkstjórn: KOM almannatengsl

Vinnsla efnis: Bolli Valgarðsson, Erna Indriðadóttir, Hilmar Sigurbjörnsson, Kristborg Steindórsdóttir og fleiri.

Umbrot og hönnun: Kúper Blakk - Ljósmyndir: Hreinn Magnússon, Hilmar Sigurbjörnsson og fleiri. - Forsíðumynd: Samsett frá ýmsum.

Prentun: Hjá Guðjóni Ó

Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfisvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurta-prentlitir og umhverfisvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal endurunninn eða komið til ábyrgar förgunar.



Farsæl starfsemi í fimm ár



Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls.

Það fylgir því bæði stolt og gleði að halda uppá fimm ára afmæli Alcoa Fjarðaáls, því þegar lítið er yfir farinn veg er ótrúlegt hverju starfsmenn Fjarðaáls og samfélagið á Austurlandi hafa áorkað frá því álverið var gangsett fyrir rúmum fimm árum. Einna stoltust er ég af því hversu vel okkur hefur gengið að koma verksmiðjunni í stöðugan rekstur. Það hefur að mörgu leyti gengið miklu betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ég er líka stolt af ýmsu fleiru sem er jákvætt í rekstrinum, eins og til dæmis bættri öryggismenningu og þátttöku okkar í ýmsum samfélagsverkefnum, en það er stefna Fjarðaáls að vera góður nágranni og starfa í sátt við samfélagið.

Menn brostu út í annað þegar starfsmenn Bechtel fóru með hjálma og í skóm með stáltá út á tún á Hrauni til að mæla fyrir nýja álverinu og svo ég sé alveg hreinskilin, þá fannst mér líka býsna fyndið að sjá þessa Bechtel-menn alls staðar í sínum gulu vestum. Það fór ekkert á milli mála hverjir unnu hjá Bechtel. Við vorum ekki vön því að lögd væri svona mikil áhersla á öryggismenningu á vinnustað en nú er okkur ljóst hvað þetta skiptir miklu máli. Kannski brostu menn líka vegna þess að draumurinn um endurreisn Austurlands var að rætast, draumurinn um að orkan á Austurlandi yrði notuð til að skjóta styrkari stoðum undir byggð og mannlíf á svæðinu. Ég brosti í það minnsta, vegna þess að framkvæmdirnar hér urðu til þess að mér tókst að fá fjölskylduna mína til að flytja með mér til Íslands, jafnvel þótt ég væri ekki búin að fá vinnu hjá Alcoa á þeim tíma. Áratuginn á undan hafði fólki á Mið-Austurlandi fækkað um 1200 manns af því að menn sáu engin tækifæri hér. Það svarar næstum til þess að allur Eskifjörður hefði flutt burt. Austfirðingar börðust af miklum krafti fyrir byggingu álversins, þar var hvergi hvíkað og árangurinn blasir við í dag. Frá því að uppbyggingin hófst hefur fólki á Mið-Austurlandi fjölgað um eitt þúsund. Hún varð til þess að ný tækifæri sköpuðust og fólk eins og ég og fleiri gátum flutt aftur heim. Ég þekki heilu stórfjölskyldurnar sem sameinuðust á ný hérna fyrir austan eftir að álverið tók til starfa.

Það var ekki auðvelt verkefni að byggja stórt álver. Lang flestir sem að því komu höfðu aldrei áður komið inná slíkan vinnustað – það kostaði blóð, svita og tár. Það kostaði andvökunætur en

alltaf var það jafn skemmtilegt! Starfsmenn Fjarðaáls lyftu grettistaki og árangurinn er þeim að þakka. Það ber sérstaklega að þakka þeim sem höfðu úthaldið og þrautseigjuna, þeim sem unnu nætur og daga og létu ekki bugast þótt stundum væri þetta þrælerfitt. Þeim sem einsettu sér að láta ævintýrið á Austurlandi verða að veruleika. Það tókst svo sannarlega og Fjarðaál er orðið sú kjölfesta í landsfjórðungnum sem að var stefnt.


Starfsmenn Fjarðaáls hafa frá upphafi framleitt um 1,6 milljónir tonna af áli. Útflutningsverðmætið á þessum fimm árum hefur numið um 400 milljörðum króna. Það gera gróflega áætlað rúmlega 800 milljónir króna á hvern starfsmann Fjarðaáls og geri aðrir betur! Heildargreiðslur Fjarðaáls til innlendra aðila á þessu

tímabili nema um 150 milljörðum króna. Aukinn útflutningur áls frá landinu hefur svo sannarlega komið sér vel í efnahagsþrengingum síðustu ára og mun halda áfram að koma sér vel í framtíðinni.

Framtíðarhorfurnar hjá Alcoa Fjarðaáli eru bjartar. Jafnvel þótt álverð hafi svo sannarlega sveiflast til og frá á síðustu fimm árum og hafi lækkað síðustu vikurnar, er búist við verulegum vexti áliðn-

adarins á komandi árum. Þar gefast tækifæri bæði fyrir Fjarðaál og Íslendinga. Saman þurfum við öll að halda áfram að vinna að því að efla austfirskt samfélag, svo það verði enn betur í stakk búið til að taka við nýju fólki og gefa því tækifæri til að lifa og starfa á Austurlandi. Liður í því er bygging Norðfjarðarganga sem vonandi verða að veruleika sem fyrst.

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar tók á móti fulltrúum Alcoa í gær



BEZNAČENI - takto bývá označován každý občan, který nemá žádnou příslušnost k žádné z národností, které žijí v této zemi. Podle zákona, který vstoupil v platnost 1. ledna 1927, musí každý občan, který nemá žádnou příslušnost k žádné z národností, které žijí v této zemi, být beznačenný. Tento zákon byl přijat, aby se zabránilo tomu, aby lidé, kteří nemají žádnou příslušnost k žádné z národností, které žijí v této zemi, byli považováni za beznačenné. Tento zákon byl přijat, aby se zabránilo tomu, aby lidé, kteří nemají žádnou příslušnost k žádné z národností, které žijí v této zemi, byli považováni za beznačenné.


[illegible]

Mergeshliki ad unnið varð að mál-
 la ad fullum krafti. Niharsatrada ija
 Alms var ad vaxta á nortu vikur,
 um það hvert fyrirhjáti atliki i
 formigun viðmáru við íslensk
 atvinnulíf.

ganga fyrir

MANUDAGUR 17. MAJ

AUSTURLAND



Þeir úr hópi málmeðlara

lokinni undirskrift aðeins

THOMAS Adams, *senior advisor*
at the 401 Virginia House of Delegates, is a 1980 graduate of
Lynchville High School. He is currently
employed by the state of Virginia.
He is married and has two children.
He is a member of the Virginia
House of Delegates.

Undirbúningur stá-

uhafnar við Reyðarfjörð hafinn

0001 G frá G. Arasyni ehf./Arcelon verð
tekið. Tilboðið hljóðar upp á 1.362.828
EUR eða 117.462.145 - krónur.

55. fundargerð hafnarnefndar Fjarða-
ggðar kemur fram að tilboð bárust frá
virtækjunum Salsglitten/Pór hf., Corus
Instruction/Sindra, Danberg ehf./
Arganstaalsmost og G. Arasyni ehf./
Arcelon.

Landslag sem á eftir að taka breytingum: Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, og Alain Belda, forstjóri Alcoa, skoða væntanlegt álvers- og stóridjuhafnar svæði á Reyðarfirði.

Þetta var erfitt en tókst

– segir Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra um aðdragandann að framkvæmdum álvers í Reyðarfirði

Þegar fréttist af þeim áformum Norsk Hydro að fresta framkvæmdum við álver á Austurlandi var boðað til íbúafundar á Reyðarfirði. Valgerður segir að það hafi verið sérstaklega erfitt að standa frammi fyrir heimamönnum og tjá þeim að framkvæmdir væru í uppnámi og stjórnvöld stæðu að öllum líkindum frammi fyrir a.m.k. nokkura ára frestun framkvæmda. „Eins og nærri má geta, þá var þungt hljóðið í íbúum þó að þeir bæru sig vel. Þó hafði ný von þegar kviknað í brjóstum okkar, sem vorum fulltrúar stjórnvalda á fundinum, því Alcoa hafði fengið pata af fyrirætlunum Norsk Hydro og fyrirtækið hafði þegar sett sig í samband við stjórnvöld. Fyrsti óformlegi fundurinn með Alcoa var haldinn

kvöldið sem íbúafundurinn var fyrir austan en við gátum ekkert sagt frá því, það hefði verið allt of glannalegt. En það var sérlega ánægjulegt að Alcoa hafði af eigin frumkvæði tekið upp þráðinn og fyrirtækinu tókst að vinna hratt og standa við þær tíma- setningar sem búið var að setja verkefninu,“ segir Valgerður.

Eins og nærri má geta var ekki einhugur um þessa miklu og stóru framkvæmd, hvorki meðal þjóðar né þings. „Það féllu mörg og þung orð í aðdraganda verkefnisins og þess var meðal annars krafist að málið yrði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir því sem nær dró framkvæmdum áttuðu sig flestir á því hversu mikilvægt það væri, ekki bara fyrir



Valgerður Sverrisdóttir heima á Lómatjörn.

Austurland, heldur þjóðarbúið í heild að reisa álver í Reyðarfirði og á endanum voru stuðningsmenn framkvæmdanna úr öllum flokkum nema Vinstri grænum, sem var nú ekki stór flokkur á þeim tíma,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra og bætir við að þótt verkefnið hafi verið verulega erfitt á köflum hafi vinnan og niðurstaðan verið ánægjuleg. „Ég minnst þess sérstaklega þegar skrifað var undir samninginn við Alcoa og þegar fyrsta skóflustungan var tekin að álverinu. Það voru mjög tilfinningaþrungnar stundir og ég er ekki frá því að ég hafi klökknad á þessum tímamótum.“



Geir H. Haarde fyrrv. forsætisráðherra.

Mikilvægur atvinnustaður í góðri sátt við samfélagið

Geir H. Haarde var forsætisráðherra þegar Fjarðaál tók til starfa árið 2007 og kom sem fjármálaráðherra að undirritun fjárfestingasamninga vegna verkefnisins 2002. Geir þekkir vel hinar áratugalöngu tilraunir Austfirðinga til að hamla gegn fólksfækkun í fjórðungnum. „Það hafði legið fyrir í mörg ár að það væru hagstæðir virkjanamöguleikar á Austurlandi og það hafði lengi staðið til að virkja orkuna þar til hagsbóta fyrir almenning eystra en ekki síður fyrir allt þjóðfélagið,“ segir Geir.

Fyrir um þrjátíu árum var unnið að tillögum um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Hjörleifur Guttormsson, þá iðnaðarráðherra og þingmaður fyrir Austurland, vann upphaflega að málinu og Geir var kjörinn í stjórn fyrirtækisins árið 1982. En verkefnið var síður en svo óumdeilt.

„Já það er ekkert nýtt að menn deili um verkefni af þessu tagi. Þá var reyndar ekki gert ráð fyrir að aðrennsli að virkjuninni yrði sett í neðanjarðargöng heldur hefði það verið lagt í skurði sem hefðu haft mikil áhrif

á landslagið. En það var hins vegar af öðrum ástæðum sem verkefnið datt upp fyrir. Það gekk erfiðlega að finna erlenda samstarfsaðila og ríkisstjórninni, sem tók við 1983, þótti ekki verjandi að ríkið tæki á sig þá fjárhagslegu áhættu sem þessu fylgdi. En af þessum ástæðum þekkti ég vel til aðstæðna fyrir austan. Og manni fannst sárt ef ekki ætti að nýta þessa hagkvæmu virkjanakosti í þágu landsfjórðungsins og þjóðarinnar.“

Geir segir að allir sem komið hafi að undirbúningi þess að reisa álver í samstarfi við Alcoa hafi unnið vel og markivsst að því að verkefnið yrði að veruleika. Andstaða og mótmæli hafi þó vissulega haft áhrif og á þau sjónarmið hafi vissulega verið hlustað. „Það var hlustað á ólík sjónarmið og leitast við að fara eftir ýrustu faglegu kröfum, ekki síst varðandi t.d. umhverfismatið. Ég er talsmaður þess að reyna að leysa mál sem þessi í eins mikilli sátt og hægt er. En þá er ekki hægt að fallast á að annar aðilinn fái allt sitt fram. Þarna var um að tefla ríka og mjög brýna hagsmuni íbúa á Austurlandi.

Við hlutum að taka tillit til þess. Hugmyndin varð ekki til úr engu. Hún átti sér langan aðdraganda.“

Geir segir að nú þegar litið sé til Austurlands blasi við mikilvægur vinnustaður sem starfi í mjög góðri sátt við samfélagið. „Þessi verksmiðja hefur verið svo gríðarleg innspýting í atvinnulíf á svæðinu. Hún kallar á mikla þjónustu og framkallar þannig fjölbreyttari atvinnustarfsemi. Þjóðfélagið í heild nýtur þess nú að útflutningstekjur af álframleiðslunni koma fram í vöruskiptajöfnuði og skapa mikinn gjaldeyri. Og sannleikurinn er sá að í þeim efnahagsþrengingum, sem við stöndum frammi fyrir, stæðum við mun verr að vígi ef þetta hefði ekki orðið að veruleika. Þess vegna er óhætt að segja, þegar horft er um öxl, að þetta hafi verið rétt ákvörðun, ákvörðun sem yrði líklega tekin af enn meiri sannfæringu í dag með þær upplýsingar sem við höfum nú. Þegar á allt þetta er litið held ég að þetta hljóti að teljast fyrirmyndarverkefni.“

Forréttindi að fá að byggja upp frá grunni

Tómas Már Sigurðsson var ráðinn forstjóri Alcoa Fjarðaáls árið 2003 og ári síðar var fyrsta skóflustungan tekin að álverinu. Ævintýrlegur tími tók við og við slógum á þráðinn til Tómasar sem er nú forstjóri Alcoa í Evrópu til að biðja hann um að lýsa þessum tíma aðeins fyrir okkur.

„Þetta var náttúrulega skemmtilegt og alger forréttindi að fá tækifæri til að byggja upp nýtt fyrirtæki frá grunni og á gildum Alcoa,“ sagði Tómas. „Fyrirtæki sem byggði á jöfnuði, samvinnu og samstarfi allra, þar sem allir starfsmenn fá tækifæri til að vaxa og dafna eftir getu, og þar sem fólk var þjálfað upp í að vinna í teymum og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Við fengum að fara á milli fyrirtækja Alcoa og velja það besta sem verið var að gera á ýmsum sviðum í rekstrinum, þannig að hægt væri að byggja upp fyrirtæki sem yrði fyrirmynd annarra fyrirtækja Alcoa í framtíðinni. Það er okkar mat að vel hafi tekist til og Fjarðaál sé orðið slíkt fyrirmyndarfyrirtæki í dag.“

Vígluathöfnin eftirminnileg

Tómas sagði að opnunarhátíð álversins í júní fyrir fimm árum hefði verið eftirminnileg, enda stemmingin alveg einstök. Margt fleira sem of langt yrði upp að telja hefði verið eftirminnilegt „Til dæmis það hvað starfsmenn voru jákvæðir og tilbúnir til að leggja allt í sölurnar þannig að við gætum byggt upp það fyrirtæki sem okkur dreymdi um að sjá rísa. Svo var einstakt hvað samfélagið tók vel á móti okkur. Sama hvort það voru alþingismenn, sveitarstjórnarmenn eða íbúar á svæðinu. Allir voru tilbúnir til að hjálpa okkur og fyrirgefa okkur þegar hægt miðaði eða hlutirnir virkuðu ekki strax eins og þeir áttu að gera. Þarna skapaðist mikill kraftur fólks sem allt vann að sama marki, að reisa gott álver á Austurlandi. Þetta var risastórt verkefni fyrir lítið samfélag, en tókst vegna þess hversu



Tómas Már Sigurðsson.

vel menn stóðu saman. En þetta var ekki allt okkur að þakka, því það var búið að leggja grunninn að þessu áður. Það höfðu sveitarstjórnarmenn gert með þrotlausri baráttu, stjórnmalamenn á landsvísi og einnig þeir sem höfðu langa reynslu í að byggja orkuver og iðnfyrirtæki. Þetta fólk undirbjó jarðveginn“.

Lærdómsríkur tími

Það var nýtt fyrir Tómasi að kynna stóru alþjóðlegu fyrirtæki og hann segir það hafa verið virkilega lærdómsríkt. „Aðallega að kynna þeirri fagmennsku sem ríkti hjá Alcoa og hversu mikla áherslu fyrirtækið leggur á að starfa í samræmi við gildin sem það hefur að leiðarljósi. Þessi gildi eru heiðarleiki, virðing fyrir fólki, umhverfi, öryggi og heilbrigði, auk nýsköpunar. Það er gaman að læra í svona umhverfi, menn eru hvattir til að afla sér nýrrar þekkingar, taka að sér aukin verkefni og leita sér aðstoðar þegar þess þarf. Það er gífurlega mikil þekking innan móðurfélagsins sem við lærðum fljótt að nýta okkur vel enda eru ekki mörg fyrirtæki starfrækt í heiminum í dag sem byggjast upp eins og okkar – sem nýsköpunarverkefni í háskóla sem nær að vaxa og dafna í 125 ár og er ennþá að þróast. Á þeim grunni byggðum við Fjarðaál og á þeim grunni vona ég að Fjarðaál haldi áfram að vaxa og dafna og vera í fremstu röð um ókomin ár,“ sagði Tómas Már Sigurðsson.

Íbúafjöldi Reyðarfjarðar hefur næstum þrefaldast

11M 2/3 fibúa á

arstjóri í verslun Kronumanna
Molanum á Reyðarfirði, segir
að það gangi vel að reka verslun
á Reyðarfirði þegar upp-
byggingin sé í bænum og fólki
fjölga. Íbúum eigi eftir að fjölga
enn meira þegar álverið fari í
gang og fastir starfsmenn komi
til starfa.

veg

ÞÓÐURSETTAR voru í gær-
vorgun 2.007 trjáplöntur sem Al-
ta færði Fjarðabyggð að gjöf í
efni samnings um byggingu ál-

Morgunblaðið Helgi Garðar

Morgunbladi/pö

HUNDRADASTA kerfið í álveri Alcoa Fjarðaáls var gangsett á hádegis slóastliðinn miðvikudag að því er fram kemur í fréttatilkynningunni á vefsíðu fyrirtækisins. Tvö ker til viðbótar.

Arcoa

Vill að úrskurð ráðherra verð ómerktir

hafi verið að meta þekkvæmdir sameiginleg
finnur hann að því
kvæmdaræði og Skipi
um hafi rökstutt byggt
skautaverksmiðjunnar í
í efnaðslegs hagnæga
falli ekki undir mat á u
áhrifum.

Hjörleifur segir að s
stofnun hafi átt að meta
þúsdun tónna álvers í sta
þýggja á mati á 420 þúsdun
lveri, enda sé gert ráð fyrir
og lakari tækni og me
örnum í minna álverinu.

Hjörleifur að umsókn Al
arsleyfis hafi verið gö
nglýsing þess ólögmat.

Hjörleifur segir að stofnun hafi átt að meta þúsund tonna álvers í stað þyggja á mati á 420 þúsi líveri, enda sé gert ráð fyrir og lakari tækni og meðferðum í minna álverinu. Hjörleifur að umsókn Alfarfleyfi hafi verið gönglýsing þess ólögmat.

0 1 ' 6 ' 1

WWF fordæmir fyrirhugað álver í Reyðarfirði

verid vegna mikillar
verfismats sem hafi
vænlegar afleiðingar
r íslensk náttúru-
viðleitni sinni til að
miðhálandisins sam-
arð. Slikur þjóðgarð-

Alcoa-álverið.
í störf, í ferða-
yndu skapast í
virkjun og ál-
ilkostnaði.“

Miðað við gefnar
forsendur Lands-
virkjunar um fram-
viðslukostnað raforku
á Kárahnjúkavirkjun,
segir Ólafur S.
Andrésson, blasir við
törfelld skuldasöfnun

Andrésson, blasir við
stórfelld skuldasöfnu

naso
eish

JUL

Stjórnir Alcoa og Landsvirkjunar samþykktu samninga um áhrif í Reyðarfirði.

[illegible][illegible][illegible][illegible]

Hönnun álversins gæti skapað allt að 200 ársver

erslunarmenn á Austurlandi fá lægstu launin

[illegible]

lagnanna sína stendur Versnar-
mannalegg Austurlands jaft og þét fyrir
kjaravéitum sínum og fólk er undirbúið fyrir
þetta. Þetta er einn þessu stendur sína. Kristín
sef ákveðið um versnastendur sína ekki
háva nýst nógu og vel, þá eigi hún vega
að geta nýst til að hekkla lann umtalsvert.

**Lagnamunur
kyrjanna 30%**

Kristín sef lagnamunur kyrjanna mikinn.
Hann er í rautu og skellifer. Munur á
eldislagnum lagna og lagna hefur farið á
árið 1999 á 30% í á hún Landsmáttandi
lenskra versnastendur sína. Þetta er
lagnamunur. Hér á Austurlandi er séð hvern
sef flest lagna munur, en 75% lagna

1998. aasta	10
1999. aasta	10
2000. aasta	10
2001. aasta	10
2002. aasta	10
2003. aasta	10
2004. aasta	10
2005. aasta	10
2006. aasta	10
2007. aasta	10
2008. aasta	10
2009. aasta	10
2010. aasta	10
2011. aasta	10
2012. aasta	10
2013. aasta	10
2014. aasta	10
2015. aasta	10
2016. aasta	10
2017. aasta	10
2018. aasta	10
2019. aasta	10
2020. aasta	10
2021. aasta	10
2022. aasta	10
2023. aasta	10
2024. aasta	10
2025. aasta	10
2026. aasta	10
2027. aasta	10
2028. aasta	10
2029. aasta	10
2030. aasta	10
2031. aasta	10
2032. aasta	10
2033. aasta	10
2034. aasta	10
2035. aasta	10
2036. aasta	10
2037. aasta	10
2038. aasta	10
2039. aasta	10
2040. aasta	10
2041. aasta	10
2042. aasta	10
2043. aasta	10
2044. aasta	10
2045. aasta	10
2046. aasta	10
2047. aasta	10
2048. aasta	10
2049. aasta	10
2050. aasta	10
2051. aasta	10
2052. aasta	10
2053. aasta	10
2054. aasta	10
2055. aasta	10
2056. aasta	10
2057. aasta	10
2058. aasta	10
2059. aasta	10
2060. aasta	10
2061. aasta	10
2062. aasta	10
2063. aasta	10
2064. aasta	10
2065. aasta	10
2066. aasta	10
2067. aasta	10
2068. aasta	10
2069. aasta	10
2070. aasta	10
2071. aasta	10
2072. aasta	10
2073. aasta	10
2074. aasta	10
2075. aasta	10
2076. aasta	10
2077. aasta	10
2078. aasta	10
2079. aasta	10
2080. aasta	10
2081. aasta	10
2082. aasta	10
2083. aasta	10
2084. aasta	10
2085. aasta	10
2086. aasta	10
2087. aasta	10
2088. aasta	10
2089. aasta	10
2090. aasta	10
2091. aasta	10
2092. aasta	10
2093. aasta	10
2094. aasta	10
2095. aasta	10
2096. aasta	10
2097. aasta	10
2098. aasta	10
2099. aasta	10
2100. aasta	10

Dipodomys deserti.
Dipodomys deserti.
Dipodomys deserti.

© Lippincott Williams & Wilkins, 2002



Íbúarnir öðluðust trú á framtíð Austurlands

Smári Geirsson ásamt einum afastráka sinna, Smára Leví Williamssyni.

Óhætt er að segja að Smári Geirsson, sveitarstjórnarmaður í Fjarðabyggð og kennari í Neskaupstað, hafi staðið í eldlínunni í baráttunni fyrir álveri á Austurlandi. Smári var einmitt formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi á árunum 1998 til 2003, nánast allan þann tíma sem lokabaráttan fyrir virkjun og álveri stóð yfir, og var jafnframt ýmist forseti bæjarstjórnar eða formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar. Hart var tekist á um verkefnið í íslensku samfélagi og Smári segir að það hafi verið ný reynsla fyrir austfirsku sveitarstjórnarmenn að taka þátt í umræðum af því tagi sem viðgengust. Sjálfur upplifði hann margvísleg ónot í sinn garð. „Það voru gerð hróp að manni á götum Reykjavíkur, maður fékk óþægileg símtöl og bréf sem fólu í sér grófar hótanir á borð við líflát. Umræðan fór út fyrir allt velsæmi“. Hann segist aldrei hafa efast um þá vegferð sem leiddi að lokum til byggingar álvers við Reyðarfjörð enda hafi samfélagið eystra tekið miklum og jákvæðum stakkaskiptum. „Fólk fékk trú á því að hér væri hægt að skapa sér blómlega framtíð og margt ungt fólk sneri heim á ný að afloknu langskólanámi. Í þann hóp bættist síðan fólk sem átti rætur annars staðar en sá möguleika á góðri afkomu og bjartri framtíð eystra.“

Hætta á að samfélaginu myndi blæða út

„Staðan var orðin þannig eftir 1990 að það var full ástæða til að hafa verulegar áhyggjur. Sjávarútvegurinn hefur alltaf verið grunnstoðin í atvinnulífi á landsbyggðinni og þannig hefur það lengi verið á Austfjörðum. Samfara mikilli hagræðingu í greininni, aukinni tæknivæðingu og síðan minnkandi sjávarafli fækkaði störfum verulega, unga fólk fór burt og kom ekki aftur. Eldra fólk komst oft hvorki lönd né strönd því

það fékk lágt verð fyrir eignir sínar ef þær voru þá seljanlegar. Skatttekjurnar drógust saman og þar með dró úr getu sveitarfélaga til að veita íbúnum nauðsynlega þjónustu og starfsemi ríkisstofnana minnkaði sífellt. Það var raunveruleg hætta á að samfélaginu myndi blæða út og við sáum að það varð að finna ný tækifæri, nýja atvinnugrein sem væri að minnsta kosti jafn mikilvæg og öflug og sjávarútvegurinn. Að okkar mati var það stóriðja, t.d. álver, sem byði bæði upp á örugg og vel launuð störf, örugg-

„Við sáum að það varð að finna ný tækifæri, nýja atvinnugrein sem væri að minnsta kosti jafn mikilvæg og öflug og sjávarútvegurinn.“

ar skatttekjur og fyrirsjáanlega starfsemi til næstu áratuga. Þetta er auðvitað raunin með Fjarðaál, þar sem vinna yfir fimm hundruð manns fyrir utan þann fjölda sem þjónustar fyrirtækið.“

Spár rættust

Smári segir að Austfirðingar hafi svo sannarlega þurft að berjast fyrir sínum hagsmunum, en hjólin byrjuðu að snúast fyrir alvöru er Alcoa kom að málinu í kjölfar þess að Norsk Hydro vildi fresta framkvæmdum enda festi Alcoa kaup á þeirri undirbúningsvinnu sem Norsk Hydro hafði innt af hendi. Smári segir að jafn skjótt og skrifað var undir virkjunar- og álverssamninga í mars 2003 hafi orðið straumhvörf í austfirsku samfélagi. „Maður skynjaði mjög sterkt hvernig allt tók stakkaskiptum. Hugarfarið breyttist, brúin lyftist á fólk,

í stað mikillar deyfðar tóku bjartsýni og framkvæmdahugur völdin. Íbúarnir fengu á ný trú á því að það væri framtíð í því að búa og starfa á Austurlandi, á sínum heimaslóðum.“ Smári segir að flest þau samfélagslegu áhrif sem spáð var hafi komið fram. Íbúum fjölgaði, meðalaldur á áhrifasvæði álversins lækkaði og menntunarstigið fór hækkandi.

Samfélagið styrkist áfram

„Ég vona að á næstu árum haldi uppbyggingin á álverssvæðinu áfram og þar risi úrvinnslufyrirtæki til hliðar við álverið. Ég tel einnig líklegt að fyrirtækin sem þjónusta álverið haldi áfram að eflast á komandi árum og þannig muni störfum halda áfram að fjölga á svæðinu. Öll iðnaðarstarfsemi á Austurlandi sem tengist álverinu mun skapa ungu fólk í landshlutanum möguleika á að hasla sér völl á heimaslóðum og setjast þar að, það er kannski það mikilvægasta af öllu.“

Mikill lærdómur

Smári segir að menn hafi lært margt af þessu viðamikla atvinnulífsverkefni í Fjarðabyggð. „Við lærðum það meðal annars hve mikilvægt það er að undirbúa samfélagið í heild sinni vel undir svona verkefni. Það á við hvort sem litið er til sveitarfélagsins, fyrirtækja á svæðinu eða stofnana. Menn verða að vera undir það búnir að standa í vægðarlausum deilum, sérstaklega sé verkefnið á landsbyggðinni. Samstaða í heima-héraði verður að vera ótvíræð því það er forsenda þess að heimamenn geti haft áhrif á gang mála og verkefnið hér sýnir að það eru afgerandi aðgerðir á sviði atvinnulífs sem geta breytt hugarfari íbúa og snúið við óhagstæðri íbúaþróun, segir Smári Geirsson.

Hér er pláss fyrir unga sem aldna

Guðný Björg Hauksdóttir er ein þeirra yfirmanna Fjarðaáls sem situr uppundir þrjátíu fundi í hverri viku. „Það er bara alveg nóg að gera,“ segir Guðný og hlær. Hún er framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Fjarðaáli og hefur í nógu að snúast. „Já já, það er alltaf nóg að gera hér hjá Fjarðaáli, en starfið núna er ólíkt því sem ég var í þegar þetta var allt að byrja. Þá sá ég um ráðningar fyrir fyrirtækið og var söluaður „daudans“ því ég var oft milligöngumaður í fasteignasölu og líka á fullu í því að selja svæðið, að sannfæra fólk um að það væri frábær ákvörðun að flytja austur, sem það og var og er. Svo þurfti oft að hlutast til um vinnu fyrir maka ef svo bar undir og annast fleiri reddingar. Þetta var ótrúlegur tími,“ segir Guðný.

Guðný er Reyðfirðingur, en fór snemma suður. „Ég bjó í ein fimmtán ár á höfuðborgarsvæðinu, fór til náms og ilengdist þar. Síðan bauðst mér starf hjá verkfræðifyrirtækinu Hönnun og ráðgjöf á Reyðarfirði og sá þá gott tækifæri til að flytja aftur austur. Ég tengdist snemma álverspælingum á Austurlandi því ég tók þátt í undirbúningi að staðarvali sem iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun leiddu, þá sem starfsmaður Hönnunar. Það kom til að mynda í minn hlut að sýna yfirmönnum umhverfissviðs Alcoa fyrirhugað byggingarsvæði við Reyðarfjörð þegar þeir komu austur til að skoða staðhætti.“

Koma örugglega ekki aftur!

„Þetta var á sumardaginn fyrsta og það var slydda. Þeir stóðu og horfðu yfir undirlendið þar sem við gerðum ráð fyrir álverinu og út fjörðinn, sögðu ekki eitt aukatekið orð. Ég stóð fyrir aftan þá og útskýrði að veðrið væri alls ekki alltaf svona, þetta væri alveg frábær staður fyrir álver, aðdjúpt og alltaf logn. Þeir svöruðu engu, þöggðu og horfðu. Ég var sannfærð um að þeir myndu aldrei láta sjá sig aftur á Íslandi,“ segir Guðný. En það gerðu þeir, fáum dögum síðar kom jákvætt svar. Þetta var staðurinn fyrir nýtt og fullkomið álver Alcoa. Fyrirtækið hafði þá ekki byggt nýtt álver í tæp tuttugu ár.

Fjöldaráðning Íslandssögunnar

„Það var hringt í mig til að spyrja hvort ég vildi slást í hópinn með Alcoa. Þegar ég hóf störf á skrifstofunni á Reyðarfirði, í gamla Landsbankahúsinu, var ég spurð hvað mig langaði að gera hjá fyrirtækinu. Ég sagði að ég væri alveg til í að taka að mér mannaráðningar. Það var samþykkt. Í kjölfarið fékk ég excelskjal frá Alcoa, sem geymdi yfirlit yfir alls konar teymi, mis mannmörg, yfirmenn, tímasetningar og ýmsar aðrar upplýsingar sem voru í hverju skjalinu á fætur

öðru og allt í belg og biðu. Þá fór ég suður á fund til Ástu Bjarnadóttur, sem er sérfræðingur í ráðningun, til að fá hana til að aðstoða mig. Þá var ég búin að greina niður hvert einasta starf og áætla hvenær væri þörf á þessum og hinum. Ásta tók ákaflega vel á móti mér og hjálpaði mér mikið. Þegar við vorum að fara yfir verkefnið horfði hún á mig og sagði: „Þú veist að þú stendur frammi fyrir mestu fjöldaráðningu Íslandssögunnar, er það ekki?“ Ég hafði ekki þælt í því, en jú vissulega, ég vissi að við vorum að fara að ráða á þessum tíma um 400 manns,“ segir Guðný og hristir hausinn.

Auglýsing í Húsfreyjuna

„Þetta var hálfgerð bilun, en þetta var rosalega gaman. Þetta var 2006 og þá var atvinnuleysi ekki til á Íslandi, fólk gat valið úr störfum, farið hingað eða þangað, og þá var Austurland sko ekki efst á blaði. Við auglýstum alls staðar eftir fólki, í bíóhúsunum, meira að segja í Húsfreyjunni, því við vildum ná til eins margra kvenna og mögulegt var. Það var og er eitt af markmiðum Alcoa og Tómas, nýráðinn forstjóri, var mjög ákveðinn í að vinna að því markmiði. Ég man að einu sinni sagðist hann ekki starta þessu álveri fyrr en við værum búin að ráða allavega einn vélvirkja og einn rafvirkja, sem væru konur! Við fórum að sjálfsögðu á fullt í að finna þetta fólk og að sjálfsögðu tókst það.“

Hér gerast ævintýrin

Guðný segir að þrátt fyrir að reksturinn sé kominn í fastar skorður og framleiðslan í full afköst séu verkefnin enn ærin. „Þau eru bara öðruvísi en áður. Það tekur samfélagið tíma að róast, en við finnum að það er smám saman að gerast. Þetta er eins og þegar maður kastar steini í mitt stöðuvatn, það myndast gárur sem stækka og stækka. Það tekur tíma uns vatnið verður spegilslétt

aftur. Okkar helstu áskoranir núna er að hugsa vel um allt það góða starfsfólk sem er hjá okkur og verkefni þeim tengd með því að halda áfram að byggja upp fyrirtæki sem er fjölskylduvænt og styður við samfélagið hér fyrir austan. Einnig þurfum við að halda áfram að kynna okkur og ná þannig til fólks sem er tilbúið til að setjast að hér á svæðinu og taka þátt í þessu skemmtilega ævintýri sem hér er að gerast. Fjarðaál er fjölskylduvænt fyrirtæki og hér er pláss fyrir alla, konur jafnt sem karla, unga sem aldna,“ segir Guðný.



Guðný Björg Hauksdóttir.

Ýmsir áfangar uppbyggingar og gangsetningar



Fyrsta skóflustungan að álveri Fjarðaáls var tekin í blíðskaparveðri á Hrauni 8. júlí 2004. Undir styrkri handleiðslu Tómasar Más Sigurðssonar, þáverandi forstjóra Fjarðaáls, tóku skóflustunguna þau Guðmundur Bjarnason, þáverandi bæjarstjóri Fjarðabyggðar, Bernt Reitan, þáverandi forstjóri frumframleiðslu Alcoa, Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, og Andy Greig, yfirmaður hjá Bechtel, sem byggði álverið.



Alþjóðafyrirtækið Bectel annaðist byggingaframkvæmdir við álver Fjarðaáls. Þær hófust í júlí 2004 og lauk formlega í desember 2007, fjörutíu mánuðum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin.



Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, óskar Tómasi Má Sigurðssyni, þáverandi forstjóra Fjarðaáls, til hamingju með vígslu nyrðri kerskála Fjarðaáls þegar hann var tilbúinn til notkunar í lok mars 2007. Af því tilefni héldu starfsmenn hátíð til að fagna áfanganum með mökum sínum og fjölda annarra gesta.



Stórflutningaskipið Pine Arrow sigldi inn Reyðarfjörð í lok mars 2007 með fyrsta súrálsmarminn til Fjarðaáls. Skipið, sem er 48 þúsund tonn, kom með farminn frá Ástralíu og tók siglingin 44 sólarhringa.

Fyrsta álið hjá Fjarðaáli var framleitt í apríl 2007. Um sumarið var haldin vegleg bæjarhátíð á Reyðarfirði til að fagna því að álverið væri tekið til starfa. Ríkti sannkölluð karnivalstemning í bænum enda léku veðurguðirnir við hvern sinn fingur.

Ótrúlegt hvað tíminn hefur liðið fljótt

„Við vorum nánast með einn skiftilykil og skrufjárn í hendi þegar við vorum að byrja, síðan hefur mikið breyst, segja þeir Hjörtur Óli Sigþórsson og Sævar Örn Arngrímsson á kranaverkstæðinu þegar þeir rifja upp fyrstu mánuðina í viðhaldsteyminu. Hjörtur, sem ættaður er að vestan, var í góðu starfi hjá Marel í Reykjavík þegar hann ákvað að sækja um hjá Fjarðaáli, árið sem framleiðslan hófst. „Ég þrífst ekki í þessari mannmergð fyrir sunnan. Það er miklu betra að vera úti á landi,“ segir hann. Hjörtur er vélstjóri og blikksmiður að mennt og býr á Héraði. „Ég er á mótorhjólinu á sumrin, í skotveiði á haustin, á vélsleða á veturna og bara nefndu það.“ Sævar er hins vegar áhugamaður um ensku knattspyrnuna, en stundar þó líka skotveiði og vildi auk þess gjarnan eiga fjórhjól. „Það væri gaman,“ segir hann, „Já, það er nú vandamálið, þetta er svo hrikalega gaman,“ bætir Hjörtur við af bragði.

Sævar er frá Dalvík en hefur búið á Eskifirði undanfarin ár. Hann er einnig menntaður vélstjóri og er auk þess vélvirkir. „Ég var hjá Hamri á Eskifirði en ákvað að söðla um og sækja um hjá álverinu, fannst það spennandi. Hér er oft hamagangur, ég kann ágætlega við það.“ Sævar byrjaði hjá Fjarðaáli í október 2006 og var þar á fullu í aðdraganda þess að framleiðslan hófst í örfáum kerum. „Þá gerði maður allt, hljóp úr einu í annað meðan þess þurfti, það er alltaf þannig þegar verið er að starta hlutum, það þarf að redda hlutunum og það strax. Svo kemst smám saman á meira skipulag þegar fólk fer að ná áttum.“

Á kranaverkstæðinu

Þeir félagar sinna nú nær eingöngu viðgerðum og viðhaldi á krönum í kerskálum álversins, sem eru alls þrettán. „Það á hver krani sinn fyrirfram ákveðna viðhaldsdag sem planararnir skipuleggja, ég er nú reyndar kominn í það hlutverk líka, er í hálfu starfi við að aðstoða planara og viðhaldssérfræðing. Það er ágæt tilbreyting,“ segir Sævar.

Grét sig í svefn

Hjörtur segir að fyrst eftir að hann byrjaði í álverinu hafi hann nánast „grátið“ sig í svefn á kvöldin. „Ég sá svo hrikalega eftir þessu, þetta var engan veginn eins og ég hafði gert mér í hugarlund en fljótlega fór mér að finnast þetta skemmtileg verkefni að takast á við og eftir á að hyggja mjög gaman að hafa tekið þátt í að starta svona álveri,“ segir Hjörtur.

Enn í mótun

Þeir eru báðir sammála um að tíminn hafi liðið hratt. „Mér finnst ótrúlegt að það skuli vera liðin fimm ár frá því að framleiðslan hófst,“ segir Sævar. „Þetta er smám saman að komast í fastar skorður, það er enn ýmislegt sem á eftir að þróa betur og því eru viðhaldsstörfin enn í mótun. Þetta er allt í „ferli“ eins og sagt er og verður að lokum eins og við viljum hafa þetta,“ segir Hjörtur.



Hjörtur Óli og Sævar.

Sækir vinnu um langan veg



Sigrún Erla Ólafsdóttir.

Sigrún Erla Ólafsdóttir byrjaði sem framleiðslustarfsmaður hjá Fjarðaáli 1. júní árið 2007. Þá var byrjað að framleiða ál í átta kerum. Allt var á fullu og mikið álag á háa sem lága eins og Sigrún lýsir því. „Okkur leist ekkert á blikuna, en mér var sagt að það myndi taka þrjú ár að læra á starfið til fullnustu, það er, öll þau störf sem framleiðslustarfsmenn sinna og þau eru sem betur fer fjölbreytt,“ segir Sigrún.

Framleiðslustarfsmenn sinna skautskiptum, annað hvort frá gólfi eða úr krana, vinna á skautbrúarlyftu, aka skautbílum, lyfturum og sópbílum, annast kerumhirðu og sem fyrirliðar hópsins sem felst m.a. í gæðaeftirliti með störfum samstarfsmanna og því að leysa af aðra starfsmenn þegar þeir fara í mat og kaffi.

„Þetta er erfiðisvinna í eðli sínu, en hún er fjölbreytt, maður er ekki alltaf í því sama og það er mikill kostur,“ segir Sigrún, sem er Skagfirðingur að uppruna. „Ég er reyndar líka Keflvíkingur, en bý ásamt fjölskyldu á bænum Brekkugerði á Fljótsdal, þar sem við erum með tæplega þrjú hundruð rollur auk þess að stunda skógrækt.“

Mikilvægt að hafa örugga vinnu

Sigrún fer því um langan veg til vinnu. Leiðin til Fjarðaáls er um 75 km. Það tekur hana frá hálf tíma til klukkustundar að aka að heiman til Egilsstaða, það fer eftir færð, en þar tekur hún Fjarðaálsrútuna. Hvað kom til að hún fór að starfa í álverinu? „Mig vantaði vinnu. Maðurinn minn vann úti og ég var heima. Við ákváðum að hafa hlutverkaskipti svo hann gæti sinnt kindunum, en ég tek nú reyndar alltaf sumarfrí

á vorin og hjálpa honum við sauðburðinn. Það er mikilvægt að hafa örugga vinnu og mér finnst gott að starfa hér þótt vinnan sé lýjandi, hér er afar gott starfsfólk og samheldinn hópur, sem mér finnst gott að starfa með.“

Æfingin skapar meistarann

Sigrún segir að það hafi verið skemmtilegt að þróast með starfinu í þessi fimm ár og það hafi verið stór stund þegar allir hafi verið komnir vel inni öll ferli og rútínur, sem hafi gerst smám saman eftir því sem framleiðsluafköst álversins jukust. „Ég verð nú að viðurkenna að maður sá nú ekki alltaf fyrir sér að það myndi gerast. En þetta hafðist allt með æfingunni.“

Hvar býr starfsfólk Fjarðaáls?

Lögheimili starfsmanna:

Seyðisfjörður	21
Egilsstaðir	149
Reyðarfjörður	139
Fáskrúðsfjörður	25
Eskifjörður	72
Neskaupstaður	55
Stöðvafjörður	10
Breiðdalsvík	4
Annars staðar	47

Í júní voru alls 525 manns á launaskrá hjá Fjarðaáli.

Þeir 47 sem eiga lögheimili utan svæðisins koma frá flestum stöðum á landinu, raunar frá stöðum hringinn í kringum landið.

Flestir eiga lögheimili í Reykjavík og Akureyri, en einnig í Garði, Grindavík, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Suðárkróki, Varmahlíð, Dalvík, Húsavík, Raufarhöfn, Djúpvogi, Höfn, Hvolsvelli, Hellu, Hveragerði og Selfossi.





Marlín og Jón.

Áður en við vissum af vorum við komin á kaf í ferðapjónustu

Hjá Marlín er gistiheimili á Reyðarfirði. Þar ráða ríkjum hjónin Marleen Meirlaen, sem er frá Antwerpen í Belgíu, og Jón Kristinn Beck. Marlín, eins og hún vill láta kalla sig, hefur búið hér á landi í 20 ár og var lengi raungreinakennari við grunnskólann í bæjarfélaginu. Þegar erlendum heimsóknum frá Alcoa fór að fjölga austur árið 2003 varð fljótt skortur á gistirými á svæðinu. „Við vorum með nokkur aukaherbergi heima og þar kom að það var bara hreinlega bankað uppá til að óska eftir gistingu. Áður en við vissum af vorum við komin á kaf í ferðapjónustu, byrjuð með heimagistingu, þar sem menn bjuggu hjá okkur í nokkra mánuði með morgunmat og kvöldmat. Þannig byrjaði þetta,“ segir Marlín.

Jón segir að fyrir þann tíma hafi ekki verið mikið um að vera á svæðinu, fáir bílar á

ferð og frekar tíðindalaust. „Nú er þetta allt annað, hér er stanslaus bílaumferð, mikill ferðamannastraumur og atvinnulíf almennt með miklu betra móti og stöðugra en var.“

Nóg að gera

Það er mikið að gera í ferðapjónustunni hjá þeim hjónum. Þau byrjuðu með gistingu í fimm herbergjum, en nú er þjónustan rekin í þremur húsum og þau geta tekið á móti 40 manns í einu. „Og nú erum við að byggja við Bakkagerði, gamla húsið sem bæjarfélagið lét okkur í té til að það yrði ekki rífið. Þar erum við að útbúa 6 herbergi sem verða öll með sérbaði eins og meiri krafa er um í dag. Fólk vill hafa það gott, sérstaklega gestir sem eru í vinnuferðum, t.d. á vegum Alcoa. Það er nóg að gera - og hér á þessu svæði geta allir fengið vinnu sem vilja,“ segir Marlín.

Þvo um 200 tonn á ári af starfsmannafatnaði

Hreingerningafyrirtækið Þvottabjörn á Reyðarfirði er í eigu hjónanna Björns Jónssonar og Bryndísar Steinþórsdóttur. Fyrirtækið rekur annars vegar fatahreinsun, sem Bryndís sér um, og hins vegar rekur það stórþvottahúsið Þvottabjörn, þar sem Björn ræður ríkjum. Hann segir að þvottahúsinu berist um 200 tonn af starfsmannafatnaði á ári og því sé nóg að gera allt árið um kring.

„Við vinnum hér sex daga vikunnar, sleppum þeim allra heilagasta, en fáum þá þeim mun meiri þvott á mánudagsmorgnum enda er unnið alla daga ársins í álverinu,“ segir Björn. Gera má ráð fyrir að á þeim fimm árum sem Þvottabjörn hefur starfað fyrir álverið hafi því borist nær eitt þúsund tonn af starfsmannapvotti.



Bryndís og Björn

Þetta var ótrúlegur tími og mjög skemmtilegur

Atli Hjartarson, Hildur Einarsdóttir, Óskar Jónsson og Valgerður Yngvadóttir voru fyrstu framleiðslu-sérfræðingar Fjarðaáls. Þau byrjuðu öll 1. september 2006 og fóru rakleiðis á mánaðarlangt byrjendanámskeið í Kanada á vegum Alcoa til að læra „álfræðin“.

„Það var fyrst og fremst verið að kynna fyrir okkur efnafræði, út á hvað álframleiðsla gengi og svo framvegis,“ segir Atli. Hann er Breiðdælingur, vélstjóri að mennt auk þess sem hann lærði vél- og skipasmíði. Atli var við nám fyrir sunnan þegar álversframkvæmdirnar hófust. „Ég ætlaði alltaf að fara austur aftur og búa þar. Ég hefði gert það hvort sem álverið hefði komið til sögunnar eða ekki. Svo kynntist ég konunni minni um þetta leyti, sem er frá Egilsstöðum, þannig að eitt leiddi af öðru,“ segir Atli, sem býr ásamt fjölskyldu sinni á Héraði.

Strax yfrið nóg að gera

Hildur segir að þegar heim kom frá Kanada snemma vetrar 2006 hafi strax verið meira en nóg að gera við að undirbúa gangsetningu Fjarðaáls. „Við vorum auðvitað með mjög öflugan hóp Kanadamanna með okkur, sem leiddi okkur og styrkti fyrstu mánuðina yfir gangsetningartímann,“ segir hún, og „svo var maður með alla handbókina með öllum verkferlunum og leiðbeiningunum á náttborðinu og las þetta öll kvöld,“ bætir Vala við.

Hildur er Njarðvíkingur, iðnaðartæknifræðingur að mennt, og var samtíða Óskari í náminu. Hildur fór að loknu námi austur á land til Bechtel þar sem hún starfaði í tæp tvö ár áður en hún fór til Alcoa. „Mig langaði að vera áfram fyrir austan.“ Vala, sem er frá Vestmannaeyjum, var hins vegar búsett í Danmörku þegar hún ákvað að sækja um hjá Fjarðaáli. Hún er rafmagnstæknifræðingur frá Odense.

Óskar, sem er frá Eskifirði, segir að eftir þjálfunina í Kanada hafi þau varið miklum tíma í að þýða vinnulýsingar og taka út allar byggingar og kerfi hjá Bechtel áður en þeim var skilað til Alcoa. „Við gerðum úttektir á því hvort verkin væru ekki í samræmi við gæðakröfur Alcoa,“ segir hann.

Biðröð á klósettið

Hildur rifjar upp fyrstu mánuðina í álverinu, þegar verið var að „keyra verksmiðjuna upp“ eins og þau kalla það. „Við vissum ekki neitt, allir hlaupandi út um allt að slökkva elda og ál flæddi upp úr kerunum. Ég man eftir því að hálf vaktin fékk matareitrun með tilheyrandi upp- og niðurgangi. Það var biðröð á klósettið og það þurfti að kalla inn aukafólk vegna þess að sumir gátu ekki unnið í krana vegna stöðugra klósettferða. Öll starfsemin var ný, allir að byrja og enginn vissi neitt,“ segir hún og öll hlæja þau í kór. „Ég man líka eftir ýmsum nýjum orðum. Við erum að vinna með „skaut“ alla daga og dag einn fengum við meira að segja blaut skaut (!) frá skautsmiðjunni.“

Kanadamenn góðir lærifeður

Þau eru öll sammála um að 12. apríl 2007 gleymi þau aldrei, deginum sem byrjað var að framleiða ál í fyrsta kerinu. „Það var ótrúleg upplifun því það var svo margt eftir, að því er manni fannst,



Óskar Jónsson, Hildur Einarsdóttir, Valgerður Yngvadóttir og Atli Hjartarson.

kerskálarnir voru t.d. enn opnir í endana og innar í skálunum voru kerin ekki enn komin, sums staðar ekki búið að steypa gólf,“ segir Óskar, og Atli tekur undir og segir þetta hafa verið spennandi tíma. „Í raun gekk allt upp eins og það átti að gera, Kanadamennirnir voru reynsluboltarnir og vissu alveg hvað þeir voru að gera,“ segir Atli. Vala segir að fyrir þá Íslendingana hafi þau margsinnis hugsað, þegar þau litu inn eftir löngum kerskálunum, þar sem átti að framleiða ál í alls 336 kerum, að þetta myndi aldrei ganga upp.“ Manni fannst svo ótrúlega mikið eftir. En svona er þetta oft þegar maður er að takast á við ný verkefni,“ segir Vala og hlær.

Á „upphafsreit“ aftur

Óskar hefur skipt um vettvang hjá Fjarðaáli, hann sér núna um verkefnastjórn í nýju kersmiðjunni, sem tók til starfa þann 9. júní í sumar. Hann segir að sér líði að mörgu leyti eins og fyrir fimm árum. „Kersmiðjan er að hefja starfsemi og miðað við afkastagetu hennar, þá finnst manni núna að þau markmið muni aldrei ganga upp. Smiðjan mun afkasta endurfóðrun á tveimur og hálfu kerri á viku við full afköst. Við erum núna í heila viku að endurfóðra eitt ker. Okkur finnst ótrúlegt að við eigum eftir að auka afköstin í tvö og hálf. En það mun að sjálfsögðu gerast með æfingunni,“ segir hann.



Ingvar og Jón Óli.

Enn ótal tækifæri til staðar

„Við erum fyrst að átta okkur á því núna hversu stórt fyrirtækið er, svona fyrirtæki gæti aldrei gengið án allra þeirra ferla og vinnureglna, sem Alcoa setur um flesta hluti. Ef þeir væru ekki til staðar þá væri hér algjör kaos,“ segja planararinn Jón Óli Benediktsson og viðhaldssérfræðingurinn Ingvar Ísfeld Kristinsson. Þeirra hlutverk er að skipuleggja viðhald á öllum tækjum og tólum álversins sem tengjast framleiðslunni, einstökum framleiðsluvélum en einnig flota farartækja, sem notaður er í álverinu. Markmiðið er að hámarka endingu tækjanna, gera við hluti áður en þeir valda bilunum, en jafnframt að forðast ofviðhald, sem eykur kostnað. Hugmyndafræðin er alþjóðleg, en ekkert nákvæmlega eins kerfi og notað er hjá Fjarðaáli, er í notkun annars staðar hér á landi. Meðal aðferða sem notaðar eru við mat á ástandi búnaðar er taka olíusýna, hitaljósmyndun og tritrislmælingar.

Ingvar og Jón Óli hófu störf hjá Fjarðaáli árið 2006. Þeir eru báðir innfæddir Austfirðingar, Jón Óli er fæddur á Siglufirði en ólst upp á Egilsstöðum, þar sem hann býr, og Ingvar er Norðfirðingur, búsettur í Neskaupstað en á ættir að rekja til Reyðarfjarðar.

„Ég er bifvélavirkjameistari að mennt og það var minn starfsvettvangur þar til ég byrjaði hér,“ segir Jón Óli. „Ég fór í eins árs nám í verkefnastjórnun (project management) við HR og ég hef nýlega tekið próf sem veitir mér alþjóðlega vottun (IPMA)

sem slíkur.“ Ingvar er menntaður vélstjóri og starfaði á frystiskipum áður en hann byrjaði í álverinu. Hann er að ljúka prófi í viðhaldsfræðum, MSc í Maintenance engineering & asset management.

Innleiddu viðhaldskerfið

Jón Óli byrjaði í febrúarmánuði 2006, rúmu ári áður en byrjað var að framleiða ál. „Til að byrja með var ég aðallega í því að finna út úr því hvernig viðhaldskerfin virkuðu sem Alcoa lét okkur í té. Við settum þau síðan upp í Oracle og síðan fólst vinnan í að skipuleggja hvernig við vildum haga viðhaldsvinnunni í fyrirtækinu. Að auki var ég líka á fullu í starfsmannaviðtölum og námskeiðahaldi fyrir verðandi starfsmenn,“ segir Jón. Ingvar tók einnig þátt í þessari vinnu þegar hann byrjaði í septembermánuði sama ár. „Núna erum við um þrjátíu sem skipuleggjum viðhald og búum til viðhaldsáætlanir fyrir einstök tæki. Þær sendum við síðan til þeirra sem sjá um viðhald og viðgerðir,“ segir Ingvar.

Sáum ekki framúr augum

Þeir segjast ekki hafa séð framúr augum fyrstu árin fyrir verkefnum, vinnudagarnir voru langir, en þó segjast þeir alltaf hafa verið þess fullvissir „að á næsta ári yrði þetta orðið fínt.“ Þannig gekk það allt árið 2007, 2008 og 2009. „Og nú er það orðin raunin, nú förum við heim á réttum tíma, svona yfirleitt, og skiljum vinnuna að mestu leyti eftir í álverinu,“ segir Jón Óli. Ingvar bætir því við að nú geti þeir stoppað við kaffivélina og spjallað við aðra starfsmenn

í stað þess að hlaupa að kaffivélinni til að ná í kaffi og hlaupa svo aftur í sæti sitt til að halda áfram að vinna.

Enn fullt af áskorunum

„Það eru auðvitað enn fullt af áskorunum framundan og verkefnum hefur í raun ekki fækkað. Þau eru bara annars eðlis núna. Nú snúast þau aðallega um að gera betur í dag en í gær, leita tækifæra til að auka hagkvæmni og draga úr kostnaði. Það er bara mjög skemmtilegt. Það eru enn fullt af tækifærum til að gera betur,“ segja þeir Jón Óli og Ingvar.

Hrepparígurinn á undanhaldi

Fólk gerir sér ekki fyllilega grein fyrir því hvaða áhrif álverið hefur haft á samfélagið hér á svæðinu segja Jón Óli og Ingvar. „Hér var talsverður hrepparígur milli byggðarlaga, hann er óðum að hverfa. Ástæðan er m.a. sú að hér vinnur fólk, sem býr alls staðar á svæðinu, það kynnist, hefur samskipti og hefur áhuga á málefnum hvers annars. Sveitarfélögin hafa sameinast og nú eiga íbúarnir sameiginlega hagsmuna að gæta. Svo er maður farinn að sækja viðburði í önnur byggðarlög, eitthvað sem maður gerði ekki hér áður fyrr. Þetta er mjög jákvætt.“



Magnús Þór

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, hefur í nægu að snúast í starfi sínu hjá Alcoa. Magnús, sem er rafmagnsverkfræðingur að mennt, sinnir jafnframt starfi framkvæmdastjóra framleiðsluþróunar Fjarðaáls.

Verkefni Alcoa á Íslandi er m.a. að stjórna fjárfestingum og sérstaklega verkefnum sem snerta vöxt fyrirtækisins. „Það var frá upphafi gert ráð fyrir því að unnt yrði að stækka álverið. Alcoa leitar stöðugt að tækifærum til að nýta sínar fjárfestingar sem best og liður í því er að skoða hugmyndir um stækkun Fjarðaáls. Sú vinna er á hugmyndastigi en ákvörðun um stækkun krefst mikils undirbúnings“ segir Magnús.

Eftirsóttur samstarfsaðili

Samskiptum við hið opinbera og samfélagið í heild er sinnt frá Alcoa á Íslandi. Það er eitt af markmiðum Alcoa að vera eftirsóttur samstarfsaðili þar sem fyrirtækið starfar. Þess vegna er Alcoa umhugað um að eiga góð samskipti við stjórnvöld, bæði ríkisstjórnir og sveitarstjórnir á hverjum tíma auk þess sem markmiðin eiga einnig og ekki síst við um það hvernig umhverfi fyrirtækið býr starfsfólki sínu og íbúum nærsamfélaganna almennt.

Tökum þátt í samfélaginu

„Við höfum frá upphafi tekið virkan þátt í margvíslegu starfi á Mið-Austurlandi. Þátttaka í samfélagsverkefnum og styrkir frá fyrirtækinu, sem einkum er beint til nærsamfélagsins fyrir austan, fara í gegnum Alcoa á Íslandi, en alls hefur Alcoa varið hátt í 700 milljónum króna til samfélagsstyrkja

frá árinu 2007.“ Stærsta einstaka samfélagsverkefnið hingað til er stuðningur við Vini Vatnajökuls sem hefur það að markmiði að efla fræðslu og rannsóknir og stuðla að uppbyggingu Vatnajökulspjóðgarðs. Ýmis verkefni, menningar- og félagsstarfsemi og barna- og unglingastarf, fá samfélagsstyrki frá Alcoa en einnig er lögð áhersla á samfélagsþátttöku starfsmanna og verkefni sem styrkt eru með sjálboðastarfi þeirra.

Magnús segir fyrirtækið einnig taka virkan þátt í samfélagsumræðunni í landinu, sérstaklega þegar um sé að ræða hagsmunamál íbúa á Austurlandi. „Við höfum t.d. þrýst á stjórnvöld varðandi samgöngumál og heilbrigðisþjónustu. Við leggjum mikla áherslu á að Norðfjarðargöng verði sem fyrst að veruleika og höfum tekið þátt í vinnu við að þrýsta á stjórnvöld um gerð þeirra. Norðfjarðargöng eru risastórt öryggismál fyrir íbúa og vegfarendur svæðisins. Við blönduðum okkur einnig í umræðuna um niðurskurð á fjárveitingum til sjúkrahússins í Neskaupstað. Þegar jafn stóru fyrirtæki og Fjarðaáli er valinn staður fylgir því skuldbinding af hálfu sveitarfélags og hins opinbera um uppbyggingu á innviðum svæðisins. Með þátttöku í umræðunni viljum við styðja uppbyggingu á samfélagi sem fólk sækist eftir að búa í,“ segir Magnús. „Þetta er líka mikilvægur liður í því að halda góðu starfsfólki hjá fyrirtækinu“.

Þátttaka í atvinnulífssamtökum

Alcoa á Íslandi tók þátt í stofnun Samtaka álframleiðenda, Samáls, sem nú hafa starfað í tvö ár, en Magnús tók við formennsku

í samtökunum í maí á þessu ári. „Það er mjög mikilvægt að byggja upp og viðhalda jákvæðri ímynd áliðnaðar á Íslandi. Samál hefur m.a. kynnt skýrslu Hagfræðistofnunar um mikilvægi áliðnaðarinnar á þjóðarhag þar sem fram kemur að áliðnaðurinn stendur undir 7% af vergri landsframleiðslu. Samál vinnur einnig að því að verja hagsmuni áliðnaðarinnar og tekur þátt í umræðu um orkuskatt og fleiri hagsmunamál.“

Auk formennsku í Samáli situr Magnús í stjórn Viðskiptaráðs Íslands fyrir hönd Alcoa en með þátttöku í atvinnulífssamtökum eins og Viðskiptaráði og Samtökum iðnaðarinnar er Alcoa virkur þátttakandi í stefnumótun atvinnulífs á Íslandi. Magnús situr jafnframt í háskólaráði Háskólans í Reykjavík og stjórn Tækniskólans. „Þátttaka í starfi skólanna skýrist að verulegu leyti af því að það er okkur keppikefli að tryggja okkar iðnaði vel menntaðan mannauð til langs tíma. Viðvarandi skortur á verk- og tæknimenntuðu fólki á Íslandi er okkur áhyggjuefni og þess vegna beitum við okkur sérstaklega á þeim vettvangi,“ segir Magnús, en þess má geta að á þessu sviði tekur Alcoa virkan þátt víða um heim. Meðal annars varði fyrirtækið á síðasta ári rúmum 140 milljónum króna til verkefna í ýmsum löndum sem höfðu einmitt það markmið að stuðla að auknum áhuga á störfum í iðngreinum og fjölgun nemenda á raungreinasviði. Það er því víðar en á Íslandi sem efla þarf áhuga og atvinnumögleika í iðnaði.

Lykillinn

að stöðugleika á Austurlandi eru fleiri störf fyrir konur

Guðmundur Bjarnason, verkefnastjóri á samfélagssviði hjá Alcoa Fjarðaáli, og fyrrverandi bæjarstjóri Fjarðabyggðar, kom mikið við sögu í baráttu austfirðinga fyrir stóriðju. Fyrir hönd sveitarfélagsins tók Guðmundur þátt í samningaviðræðum við bæði Norsk Hydro og síðan Alcoa. Hann segir mikla samstöðu meðal austfirðinga hafa einkennt ferlið enda hafi allir skynjað nauðsyn þess að bregðast við þeirri óheillaþróun sem átti sér stað í landshlutunum. Hann telur að ný þáttaskil verði í Fjarðabyggð og á Mið-Austurlandi með Norðfjarðargöngum og hugsanlegri stækkun álversins. Þá telur hann afar brýnt að skapa fleiri konum störf á svæðinu.

Árið 1998 sameinuðust Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður í eitt sveitarfélag, Fjarðabyggð. Norsk Hydro fylgdist

með þróuninni hér og fulltrúar fyrirtækisins komu í heimsókn vegna ætlunar þeirra að byggja hér álver. „Við sýndum þeim allar helstu stofnanir sveitarfélagsins, þar á meðal sjúkrahúsið, en ekki síst þessi öflug og tæknivæddu sjávarútvegsfyrirtæki sem hér eru. Þeir sannfærðust um að það væri

„Norðfjarðargöng munu marka enn ein þáttaskilin í Fjarðabyggð“

hægt að reka álver hér í svo fámennu samfélagi. Í Noregi reisa menn nefnilega ekki álver nema í að minnsta kosti tuttugu þúsund manna samfélagi.“

Fljótir að taka ákvörðun

Guðmundur segir það hafa verið mikil vonbrigði þegar Norsk Hydro dró sig í hlé árið 2002 enda var búið að vinna sleitulaust að verkefninu um langt árabil. En hlutirnir gerðust hratt eftir það. Einungis ári síðar var búið að skrifa undir samning við Alcoa. „Viðræðurnar við samningamenn Alcoa voru á allt öðru plani heldur en Norsk Hydro og ég held að það hafi skipt miklu máli um þróunina. Fulltrúar Norsk Hydro í viðræðunum við okkur voru allir millistjórnendur sem skiluðu skýrslum til toppanna sem ekki höfðu fyrir því að koma hingað austur. Hjá Alcoa komu hingað strax bæði aðalforstjórinn, Alan Belda, og aðstoðarforstjórinn, Bernt Reitan, til að skoða aðstæður með eigin augum. Þeir stóðu hér í grasinu og horfðu út fjörðinn og sýndu strax mikinn áhuga. Viðræðurnar voru alveg sérlega ánægjulegar og vingjarnlegar, en vegna þess hve austfirðingar höfðu lengi barist fyrir því að fá stóriðju á svæðið varð enginn rólegur fyrr en skrifað hafði verið undir. Ég var sjálfur ekki fyllilega sannfærður fyrr en ég gekk inni í þróttahúsið, daginn sem skrifað var undir.“

Fasteignamarkaður myndaðist og ungt fólk flutti austur

Guðmundur nefnir sem dæmi um þau umskipti sem urðu á högum íbúa þegar skrifað hafði verið undir samningana að þá fyrst hefði myndast raunverulegur jákvæður markaður með íbúðarhúsnæði í Fjarðabyggð. „Hann hafði ekki verið til. Það voru engin ný hús byggð og fólk sat í yfirveðsettum eignum vegna þess að það fékkst ekkert fyrir þær, eftirspurn var engin. Um leið og skrifað hafði verið undir skapaðist eftirspurn eftir húsnæði frá fólki sem vildi annað hvort leigja eða kaupa. Þetta var m.a. fólk sem var að koma til að taka þátt í uppbyggingunni. Þeir sem seldu fóru margir suður til að vera nær börnunum sínum, sem þegar voru flutt burtu, margir aldraðir fóru á hjúkrunarheimili eða keyptu annað og minna húsnæði, og enn aðrir byggðu sér nýtt hús. Þetta var meðal þess sem gerbreytti högum íbúanna,“ segir Guðmundur.

Skortir störf fyrir konur

Fjarðaál leggur mikla áherslu á að fjölga konum í starfsliði sínu. Þær eru nú tæpur fjórðungur starfsmanna. „Fyrirtækið gæti fjölgað konum í starfsmannahópnum. Ef til vill með breyttu vaktakerfi, en það hentar ekki öllum að vinna í álveri. Það vantar fleiri störf fyrir konur í sveitarfélaginu og það er ein helsta áskorunin sem samfélagið stendur frammi fyrir, sérstaklega á Reyðarfirði og Eskifirði, þar sem útgerð er minni en áður. Á Fáskrúðsfirði eru Loðnuvinnslan og hjúkrunarheimilið aðalatvinnuveitendurnir og á Neskaupstað Sildarvinnslan og sjúkrahúsið en bæjarfélagið er að sjálfsögðu með flest kvennastörf. Á þessum stöðum eru konur í miklum meirihluta. Ef okkur á að takast að fá fleira fjölskyldufólk til að setjast að á svæðinu verðum við að skapa fleiri konum störf,“ segir Guðmundur Bjarnason.



Guðmundur Bjarnason.

Álverið gerði kleift að byggja upp og styrkja innviði samfélagsins

Páll Björgvin Guðmundsson er bæjarstjóri Fjarðabyggðar. Hann bjó um árabíl á höfuðborgarsvæðinu en fluttist austur 2004 til að taka við stöðu fjármálastjóra Fjarðabyggðar og síðar útibússtjórastöðu Íslandsbanka á Austurlandi. Páll býr í Neskaupstað með eiginkonu sinni og þremur börnum.

„Ástæðan fyrir því að við fluttumst austur má fyrst og fremst rekja til þess að við hjónin vildum gera hlé á búsetu okkur á höfuðborgarsvæðinu og flytjast í hið umtalaða samfélag sem var á þeim tíma að taka á móti einni mestu atvinnuuppbyggingu á Íslandi fyrr og síðar. Við máttum það svo að hér hlytu tækifærin að liggja, á stað sem byði uppá mikla náttúrufergurð og sanna bæjarmenningu, en um leið tækifæri til að nýta áunna menntun í tengslum við atvinnuuppbygginguna.“

Hér eru tækifærin

Páll segir að sér hafi ekki dottið í hug að tæpum átta árum síðar myndi hann taka þátt í vígslu lokaáfanga byggingar Fjarðaáls þegar kersmiðjan tók til starfa í júní sl. „Kersmiðjan markar enn eitt sporið í viðamikilli atvinnuuppbyggingu Fjarðaáls hér á svæðinu. En ég er ekki einn um það að hafa fengið að njóta tækifæra hér í Fjarðabyggð. Fjöldi fólks starfar nú hjá Fjarðaráli eða hjá þeim fyrirtækjum sem þjónusta starfseminu með einum eða

öðrum hætti, fólk sem fór af svæðinu til annarra starfa eða mennta en hefur nú snúið aftur í faðm fjölskyldu sinna og átt-haga. Og síðast en ekki síst njóta margir af þeim, sem staðið hafa vaktina hér í heimabyggð allt sitt líf, tækifæra nuna og njóta á síðustu árum fjölbreyttari flóru atvinnumöguleika, fjölskyldu sinni og afkomendum til heilla. Þá eru ótalin öll þau tækifæri sem hafa skapast og munu skapast með ört vaxandi og dafnandi samfélagi, þannig að ég tel að við séum mjög lánsamir við Austfirðingar,“ segir Páll.

Uppbyggingin rétt að byrja

Páll segir að þrátt fyrir góðan árangur sé hann sannfærður um að uppbyggingin sé bara rétt að byrja. „Vissulega eru úrlausnar-efnin mörg, við þurfum að ná enn meira jafnvægi í samfélaginu, ná að festa nýtt fólk betur á svæðinu til frambúðar og að því verkefni þurfum við að vinna af krafti á næstu misserum.“ Páll segir sveitarfélagið finna fyrir miklum áhuga aðila í atvinnu-



Páll Björgvin bæjarstjóri.

lífinu á því að hefja starfsemi á svæðinu. „Það er ekki að ástæðulausu. Menn eru að horfa til þeirra sterku innviða samfélagsins sem tekist hefur að byggja upp, sterkra þjónustufyrirtækja, öflugrar verktakastarfsemi, góðra hafna og þess háttar.“

Sterkir innviðir

Páll tekur sem eitt dæmi af mörgum, atvinnuslökkviliðið sem tók til starfa í kjölfar þess að álverið hóf starfsemi. Hann segir það gott merki um alvöru samfélag með sterka innviði. „En þetta er bara eitt dæmið af mörgum um þjónustu sem orðið hefur til en hefði ekki orðið til nema vegna álversins. Álverið gerði gott samfélag betra. Hér var og er sterk útgerð og sterk samfélög, en álverið gerði okkur kleift að byggja upp og styrkja innviðina og gera Fjarðabyggð að enn öflugra sveitarfélagi, sem á nú mjög góða framtíð fyrir sér,“ segir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Bara snilld að fá þetta álver

Anna Karen Hjaltadóttir er Fáskrúðsfirðingur í húð og hár, þriggja barna móðir og fiskverkakona hjá Loðnuvinnslunni, helsta atvinnurekandanum í plássinu. „Já, Loðnuvinnslan er vissulega lífæðin á Fáskrúðsfirði, rekur fiskvinnslu, rafmagnsverkstæði, vélaverkstæði og bræðslu. Hér búa rúmlega 700 manns og það eru ábyggilega vel á þriðja hundrað sem vinna hjá Loðnuvinnslunni, aðrir á elli- og hjúkrunarheimilinu og svo auðvitað mjög margir í álverinu við Reyðarfjörð,“ segir Anna Karen.

Hún segir að uppúr aldamótum hafi mikið húsnaði staðið autt í bænum, margir voru fluttir burtu, sumir voru sökum aldurs farnir á elliheimili og unga fólk suður til

Reykjavíkur í nám eða vinnu og ekki komið til baka. „En þetta snérist við þegar álverið byrjaði starfsemi, raunar fyrr, þá kom fullt af fólki sem annað hvort tók hér autt húsnaði á leigu eða keypti og settist að. Þannig að nú er hér maður í hverju húsi og maður þekkir ekki lengur helminginn sem býr hér,“ segir Anna og brosir.

Hún segir að þrátt fyrir að ætíð hafi verið næga vinnu að fá í fiskvinnslunni á staðnum sé það staðreynd að ekki vilji allir vinna við sjávarútveg. Því hafi verið til mikilla bóta að fá álverið því það fjölgaði svo atvinnumöguleikum á svæðinu. „Ekki bara í álverinu sjálfu heldur líka hjá fyrirtækjunum á svæðinu sem sinna margvíslegri þjónustu við Fjarðaál. Það var bara snilld að fá þetta

álver og mikil búbót fyrir efnahaginn, ekki bara hér fyrir austan heldur líka ríkiskassann, ekki veitir nú af.“

Anna Karen segir mjög gott að búa á Fáskrúðsfirði, bæði vegna náttúrufergudar en ekki síður vegna þess að þar sé alltaf næga atvinnu að fá. „Hér geta allir fengið vinnu sem nenna að vinna. Gísli Jónatansson hjá Loðnuvinnslunni hefur alltaf passað það. Halda uppi atvinnu og skila hóflegum hagnaði. En nú veit maður ekki hvað gerist ef ríkisstjórninni tekst að stórhækka skatta og gjöld á sjávarútveginn. Það eru allir hræddir við afleiðingar þess.



Anna Karen.



Við höfnina á Mjóeyri starfa aðalskipafélögin í mikilli sátt að inn- og útflutningi á vörum fyrir Fjarðaál.

Flutt út fyrir nær átta milljarða króna á mánuði

Hjá Fjarðaáli eru að jafnaði framleidd árlega rúmlega 340.000 tonn af hreinu gæðaáli og álblöndum. Álið frá Fjarðaáli er notað í samgönguðnaði, svo sem við framleiðslu á bílum, flugvélum, járnbrautalestum og geimferjum. Fjarðaál framleiðir ál sem teygir sig lengra í virðiskeðjunni en framleiðsla hrááls gerir almennt. Málmblendi, sérstaklega framleidd fyrir viðskiptavinum álversins, eru til að mynda notuð í fjölbreyttum lausnum í bíla- og byggingariðnaði, og álvírar frá Fjarðaáli eru m.a. notaðir í háspennustrengi, svo fátt eitt sé nefnt.

Á árinu 2011 flutti Fjarðaál út vörur fyrir um 95 milljarða króna, eða fyrir tæpa átta milljarða króna að meðaltali í hverjum mánuði. Um 35% af útflutningstekjum Fjarðaáls urðu eftir í landinu, eða um 33 milljarðar króna, sem skýrast m.a. af greiðslu opinberra gjalda, launa, innkaupum frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu og veittum samfélagsstyrkjum. Fjarðaál hefur frá því að álframleiðslan hófst árið 2007 varið tæpum 9 milljörðum króna til fjárfestinga vegna starfseminnar. Þar af var um 6 milljörðum króna varið til fjárfestinga árið 2011, aðallega til byggingar kersmiðju, sem tók til starfa þann 9. júní.



Rúmlega 92% starfsmanna Íslendingar

Starfsmenn Fjarðaáls eru um þessar mundir 482, þar af eru 22% konur. Rúmlega 92% starfsmanna eru Íslendingar og um 7% erlendir ríkisborgarar. Það er um einu prósentu hærra hlutfall en á vinnumarkaðnum almennt, en rúmlega 6% vinnandi fólks á Íslandi hafa erlent ríkisfang. Auk starfsmanna álversins vinna rúmlega 300 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu og á álverssvæðinu. Að jafnaði eru því á bilinum 800 til 900 manns að störfum á svæðinu.

Staðreyndir um Alcoa Fjarðaál

Stóriðjuskóli Fjarðaáls

Stóriðjuskóli Fjarðaáls tók til starfa árið 2011 er 30 nemendur hófu grunnám. Skólinn er samstarfsverkefni Fjarðaáls, Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrúar, áður Þekkingarnets Austurlands. Með námi í stóriðjufræðum gefst framleiðslustarfsmönnum kjörið tækifæri til að afla sér fjölbreyttrar menntunar sem nýtist bæði í starfi og frekara námi, auk þess sem námið skilar hæfara starfsfólki sem er umbunað með hærri launum.



Frá undirritun samstarfssamnings. Frá vinstri Olga Lís Gísladóttir, skólastjóri Verkmenntaskóla Austurlands, Stefanía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, Tómas M. Sigurðsson, þáverandi forstjóri Alcoa á Íslandi og Sigurður Ólafsson, þáverandi fræðslustjóri Fjarðaáls.

Árið 2030 verður Fjarðabyggð orðin Fjarðaborg

Austurland getur orðið eitt af kraftmestu atvinnusvæðum við norðanvert Atlanshaf var ein af niðurstöðum ráðstefnu sem Verslunarráð stóð fyrir á Reyðarfirði í maí 2005, tveimur árum áður en Fjarðaál tók til starfa. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Austurland: Vaxtarsvæði framtíðarinnar?”

Á ráðstefnunni spáðu sex manns um framtíðina, þar á meðal Víglundur Þorsteinsson, þáverandi stjórnarformaður steypu-
stöðvarinnar BM Vallár, sem var með umfangsmikla starfsemi
eystra á byggingatíma álversins. Í erindi sínu sagði Víglundur m.a.
að með djarfri og stórhuga stefnumótun yrðu íbúar á Austurlandi á



bilinu 30-40 þúsund árið 2030 og Fjarðabyggð þá orðin Fjarðaborg. Hann sagðist telja að vöruflutningar eystra myndu sjöfaldast á komandi árum, tvöföldun yrði á skipakomum og Fjarðabyggð væri að verða stærsta hafnasamlag í landinu. Leyst yrðu úr læðingi margfeldisáhrif þriggja stóriðjufyrirtækja, Fjarðaáls, Síldarvinnslunnar og Eskju og með því myndu skapast mikil sóknartækifæri.

Óhætt er að segja að Víglundur hafi um margt orðið sannspár í spá sinni um framtíð Fjarðabyggðar enda þótt enn séu 18 ár þangað til árið 2030 renni upp.

Reyðarfjörður þá og nú

Myndirnar hér að neðan sýna glögglega hveru miklum stakkaskiptum bærinn við Reyðarfjörð hefur tekið á undanförunum árum. Myndin vinstra megin var tekin af Mats Wibe Lund í ágúst árið 2003. Hina myndina tók Emil Þór Sigurðsson í ágúst 2008.





Gunnþór Ingvason.

Fjarðaál gjörbreytti atvinnustiginu á svæðinu

Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað er eitt öflugasta og rótgrónasta fyrirtæki Austurlands og er mikilvægasti burðarásinn í atvinnulífinu í sínu samfélagi. Síldarvinnslan rekur fullkomið fiskiðjuver og fiskimjölsverksmiðju og gerir út fjögur skip frá Neskaupstað, auk þess að reka fiskimjölsverksmiðju á Seyðisfirði og í Helguvík. Hjá félaginu starfa 230 manns. Gunnþór Ingvason framkvæmdastjóri segir Alcoa Fjarðaál hafa haft afar jákvæð áhrif á atvinnulífið á Mið-Austurlandi.

„Störfum fjölgaði á svæðinu og því fylgdi meiri fjölbreytileiki í atvinnulífinu. Það var viss áskorun fyrir okkur að halda í gott fólk þegar Alcoa hóf starfsemi sína við Reyðarfjörð. Tilkoma Alcoa skapaði í upphafi vissi rót og aðilar fluttu sig um set og vildu prófa að vinna í álverinu, sumir í lengdust en aðrir komu til baka. Á þessum tímamarki var töluverð uppsöfnuð hagræðingarpörf í helstu fyrirtækjunum á svæðinu og krónan var sterk sem gerði miklar kröfur til hagræðingar. Um leið og álverið skapaði hundruð nýrra starfa þurftu önnur fyrirtæki á svæðinu að mæta nýjum veruleika með aukinni tæknivæðingu og hagræðingu þar sem ekki var auðvelt að fá fólk í vinnu á þessum tíma. Ég tel að þessar breytingar hafi gefið af sér betri og fjölbreyttari störf,“ segir Gunnþór.

Purfum að laða að fleira fjölskyldufólk

Eins og áður hefur komið fram í viðtölum hér í blaðinu er atvinnuástand gott í Fjarðabyggð og umframfyrirspurn eftir vinnuafli. Gunnþór segir það þó sameiginlegt verkefni allra sem hagsmuna eigi að gæta í sveitarfélaginu að skapa aðstæður sem freistað geti fjölskyldna til að koma austur og setjast að. „Það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir góða þjónustu, vel launuð störf og yfirleitt góðan aðbúnað í Fjarðabyggð gengur okkur ekki nógu vel að fá nýtt fólk, sérstaklega fjölskyldufólk, til að koma og setjast að. Meira að segja á skipunum, þar sem menn geta haft mjög góðar tekjur, höfum við verið að missa sjómenn okkar í burtu. Okkar markmið á að vera að manna störfin með heimafólki, þannig að útsvarstekjur og mannauður okkar fólks nýtist okkar samfélagi,“ segir Gunnþór.

Mikil tækifæri í Fjarðarbyggð

Hann nefnir einnig samgöngumál til og frá Neskaupstað. „Auðvitað bindum við vonir við það að nú fari eitthvað að gerast í þeim málum. Samgöngur eru lífæð hvers samfélags. Vegurinn um Odds-skard er barn síns tíma og nú, þegar við tilheyrum einu sameiginlegu sveitarfélagi, þar sem mikilvæg stoðþjónusta við íbúana dreifist á fleiri en einn stað, gengur ekki að kljúfa samfélagið með þeim hætti sem fjallvegurinn gerir. Börnin okkar sækja t.d. skóla og íþróttæfingar yfir skarðið í öllum veðrum. Þetta ástand gengur heldur ekki fyrir atvinnulífið. Héðan frá Neskaupstað þurfa margir að fara daglega til vinnu í álverinu um stórhættulegan veg. Síldarvinnslan flytur mikið vörumagn til og frá bænum, bæði frosinn og ferskan fisk og síðan öll aðföng, þannig að það er gríðarlegt hagsmunamál fyrir sveitarfélagið að gerð verði göng, eins og stjórnvöld lofuðu á sínum tíma í aðdraganda álvers og síðan sameiningu sveitarfélaganna.“

Gunnþór segir Fjarðabyggð hafa alla burði til að vaxa og dafna, „tækifærin eru til staðar og við eigum líka að efla samstarf við nágrannasveitarfélögin, við viljum ekki fara á mis við þá kosti sem eru í boði þar og án efa vilja íbúar þeirra ekki vera án okkar. Norðfjarðagöng eiga að vera fyrsta skrefið í að tengja byggðirnar á Mið-Austurlandi saman, í framhaldinu á að ráðast í samgöngin, Norðfjörður, Mjóifjörður, Seyðisfjörður, Hérað,“ segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar að lokum.

Steinþór Pétursson.



Önnur stærsta höfn landsins

Fjarðabyggðarhöfnum tilheyra sex hafnir eftir að sveitarfélögin á svæðinu sameinuðust. Þetta eru höfnin í Mjóafirði, á Norðfirði, Eskafirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og á Reyðarfirði, þar sem eru tvær sjálfstæðar hafnir, aðalhöfnin í bænum og síðan iðnaðarhöfnin á Mjóeyri, sem aðallega sinnir þjónustu við Fjarðaál, en einnig öðrum vöruflutningum til og frá landinu.

Steinþór Pétursson, hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna, segir starfseminna hafa vaxið nokkuð á umliðnum árum. „Þetta voru fyrst og fremst rótgrónar og öflugar fiskihafnir, hver í sínu sveitarfélagi, og hver höfn með einn starfsmann. Þegar ákvörðun var tekin um bygginu álversins jukust strax umsvif hafnarinnar umtalsvert því þá hófst mikill innflutningur á tækjum og búnaði til framkvæmda, bæði vegna virkjunarinnar og síðan álversins. Í kjölfarið fjölgaði starfsfólki hafnarinnar vegna aukinna umsvifa í hafnarþjónustu og einnig vegna kaupa á dráttarbáti til að sinna þessum stóru skipum, sem koma mjög reglulega allan ársins hring,“ segir Steinþór.

1200 skipakomur 2011

Á árinu 2011 komu til Fjarðabyggðar 1194 skip og er þá umferð smábáta ekki meðtalin. Af þessum fjölda komu vöruflutningaskip 415 sinnum, flest til Reyðarfjarðar og rúmur helmingur þeirra til Mjóeyrar.



Nær fjórðungur inn- og útflutnings landsmanna


Vöruflutningar um hafnir Fjarðabyggðar á árinu 2011 námu rúmlega 1.445 þúsund tonnum og fór að mestu leyti um Reyðarfjarðarhöfn eða rúm 1.277 þúsund tonn. Þetta er heldur minna vörumagn en 2010 þegar 1.571 þúsund tonn fór um hafnirnar, þar af 1.358 um Reyðarfjörð. Hér var eðlilega að mestu leyti um flutninga á vegum Fjarðaáls að ræða, eða um 1.200 þúsund tonn.

Steinþór segir að umfang innflutnings og útflutnings landsmanna og hlutdeild Fjarðabyggðarhafna í þeim sýni þann gríðarlega vöxt sem orðið hefur í starfseminni á undanförunum árum. „Á síðasta ári fóru í tonnum talið um 23,2 prósent vöruinnflutnings landsmanna um hafnir Fjarðabyggðar og 24,8 prósent af útflutningi landsmanna.“

Önnur stærsta höfnin

Á árinu 2011 velti hafnarsjóður Fjarðabyggðar rúmum 700 milljónum króna sem gerir hann að öðrum stærsta hafnarsjóði landsins. „Sú jákvæða þróun sem orðið hefur í atvinnumálum hér á svæðinu kemur einnig fram í auknum styrk hafnarinnar. Við höfum nú fjárhagslegt bolmagn til þess að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir og bregðast við óvæntum upphákomum. Styrkur hafnarsjóðs byggist á stöðugri innkomu í tengslum við starfsemi Alcoa og kraftmikilli starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja og háu aflaverðmæti sjávarfangs og sjávarafurða þrátt fyrir minnkun afla í tonn-um talið milli ára,“ segir Steinþór Pétursson, hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna.

Vöruflutningar um Fjarðabyggðarhafnir



Til hamingju með 5 ára starfsafmælið



Það eru gömul sannindi og ný að blómlegar byggðir og varanlegt velferðarsamfélag fær ekki staðist nema á undirstöðu öflugs og fjölbreytts atvinnulífs. Álver Alcoa við Reyðarfjörð, Fjarðaál, stendur undir 17% af heildarvöruútlutningi frá Íslandi. Það munar um minna þó að vissulega séu flutt inn mikil aðföng á móti.

Hátt í fimm hundruð starfsmenn með ólíkan bakgrunn starfa hjá Fjarðaáli og að auki um þrjú hundruð starfsmenn aðrir sem vinna á vegum fjölmargra fyrirtækja og þjónustuaðila á svæðinu og langt út fyrir það. Álver er stöðugur og traustur vinnustaður, þar sem unnið er allan sólarhringinn alla daga daga ársins og ný kersmiðja álversins er góð viðbót sem eykur enn á virðisaukann í framleiðslunni. Öryggismál hafa verið tekin föstum tókum, allt frá byggingartíma verksmiðjunnar og á vinnustaðnum eru slys fátíð. Mikilvægi Fjarðaáls fyrir Austurland og Ísland allt er augljóst og vex í réttu hlutfalli við þann viðbótarvirðisauka sem aukin úrvinnsla skilur eftir í hagkerfinu.

Það fór ekki framhjá neinum á Íslandi að í aðdraganda byggingar álvers á Austfjörðum stóðu miklar deilur um virkjanaframkvæmdirnar á Kárahnjúkum. Þar voru færðar fórnir sem mörgum fundust og finnast enn þungbærar. Það breytir ekki því að vonandi ríkir vaxandi sátt um Fjarðaál enda hefur starfsemi fyrirtækisins verið kærkomin lyftistöng fyrir miðsvæði Austurlands hvað sem liðnum deilum og vaxtarverkjum líður.

Ég óska Fjarðaáli og starfsfólki þess til hamingju með 5 ára starfsafmæli álversins á Reyðarfirði.

Steingrímur J. Sigfússon,
iðnaðarráðherra og 1. þingmaður Norðausturkjördæmis



Hefur skapað fjölda vel launaðra starfa á svæðinu

Áralöng varnarbarátta, þar sem fólki og störfum fækkaði ár frá ári, einkenndi þróun byggðar á Austurlandi um langt árabil. Ungt fólk streymdi úr heimabyggð sinni og stofnaði heimili fjarri sínum heimahögum – ekki síst vegna þess að atvinnutækifærin sárvantaði. Í þessu ljósi börðust Austfirðingar fyrir því að álver myndi hefja starfsemi við Reyðarfjörð. Sú barátta var hörð en með þrautseigju og góðri samvinnu hófst uppbyggingin.

Álver Alcoa á Reyðarfirði er ein aðal undirstaða atvinnulífs á Austurlandi og hefur skapað fjölda vel launaðra starfa á svæðinu. Um þriðjungur þeirra verðmæta sem álverið framleiðir verður eftir í hagkerfinu, m.a. í formi launa, skatta og kaupa á vöru og þjónustu. Í dag er höfnin á

Mjóeyri sú önnur stærsta á landinu og árlega er skipað út úr höfnum Fjarðarbyggðar um 23% af útflutningsverðmætum landsins.

Fjarðaál er lýsandi dæmi um að samstaða og samvinna geti skilað samfélagi okkar fram á við. Það þurfti kjark og þor til þess að berjast fyrir því að Kárahnjúkavirkjun var reist og í kjölfar þess bygging Fjarðaáls.

Ég óska starfsfólki Fjarðaáls og öllu því fólki sem með einum eða öðrum hætti hefur lífsviðurværi sitt af starfsemi álversins innilega til hamingju með 5 ára afmælið.

Birkir Jón Jónsson,
2. þingmaður Norðausturkjördæmis

Stoltur af stuðningi mínum

Nú á 5 ára afmæli Fjarðaáls er það tvöfalt fagnaðarefni að ávinningur af verkefninu hefur komið skýrt í ljós, og að hrakspárnar, sem ekki skorti í sölum Alþingis og í almennri umræðu, rættust ekki. Ég studdi þetta verkefni og barðist fyrir því allan tímann. Í huga mínum var aldrei neinn vafi, vafi sem var í huga margra samþingmanna minna, en sem lauk með stuðningi fjórtán þingmanna Samfylkingarinnar af sautján.

Allt hið jákvæða hefur komið fram, sem talað var um í byrjun að myndi efla þjóðarhag. Átta til níu hundruð manns vinna hjá álverinu eða í öðrum fyrirtækjum sem þjónusta álverið á einn eða annan hátt. Það munar um þetta fyrir atvinnulíf og samfélag á Austurlandi.

Fjarðaál flutti út vörur fyrir tæpa 100 milljarða króna á síðasta ári. Útflutningur úr Fjarðabyggð, aðallega ál og fiskur, er hvorki meira né minna en um 25-28% alls útflutnings landsmanna. Þessar höfuðútflutningsgreinar landsmanna hafa styrkt hvora aðra í

Fjarðabyggð, en ekki dregið þrótt hvor úr annarri. Hvað samfélagslega þáttinn varðar má geta þess að íbúum Austurlands hefur fjölgað um 1000 manns. Þá hafa öflug fyrirtæki á svæðinu veitt ríflega styrki til samfélagsmála sem skapa nýjar forsendur í félags- og tómstundastarfi og fleira mætti nefna.

Ég er ekki í nokkrum vafa um hin jákvæðu samfélagslegu áhrif sem komu með byggingu Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Ég er stoltur af stuðningi mínum við þessar framkvæmdir og óska Fjarðaáli og starfsfólki þess allra heilla og mikils árangurs á komandi árum.

Kristján L. Möller,
3. þingmaður Norðausturkjördæmis



Norðausturkjördæmi máttarstólpi undir afkomu þjóðarbúsins

Á þessum tímamótum í atvinnusögu Austurlands og þjóðarinnar allrar er full ástæða til hamingjuóska. Ekki síður er ástæða til að þakka öllum þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem lögðu sitt af mörkum til að Alcoa Fjarðaál hæfi starfsemi sína hér á landi.

Ég sat í stjórn Landsvirkjunar þegar undirbúningur og bygging virkjunar fyrir Fjarðaál átti sér stað og kynntist verkefninu þeim megin frá. Forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophuson, vann að mínu mati fádæma gott starf þegar Kárahnjúkavirkjun var í byggingu og Landsvirkjun sat undir miklum og ómálefnalegum ásökunum á byggingartíma virkjunarinnar eins og raunar verkefnið allt. Úrtöluraddirnar eru nú hljóðnaðar og allir landsmenn sjá og njóta í dag árangurs þessarar uppbyggingar: Launagreiðslur, skattar og gjöld, innkaup á vörum og þjónustu, samfélagsstyrkir.

Atvinnulíf í Norðausturkjördæmi hefur verið, er og verður um ókomin ár máttarstólpi undir afkomu þjóðarbúsins. Þau sannindi hafa enn á ný verið staðfest með þeirri glæsilegu atvinnuuppbyggingu sem leitt hefur af byggingu Alcoa Fjarðaáls og staðið hefur í 5 ár.

Kristján Þór Júlíusson,
4. þingmaður Norðausturkjördæmis



Veltum fyrir okkur að flytja burt

Víðir Ingvarsson vörubílstjóri velti því fyrir sér ásamt konu sinni að flytja burtu frá Reyðarfirði áður en framkvæmdir við byggingu álversins hófust fyrir austan. „Ég neita því ekki að við ræddum það af og til, vinnan var svo sveiflukennd og eingöngu bundin við vertíðir sjávarútvegsins og Vegagerðarinnar. Ég er vörubílstjóri og bíllinn þarf að hafa verkefni allan ársins hring. Konan er sjúkraliði og það var mjög ótryggt starf hér á þessu svæði áður en stóriðjan kom. Þetta breyttist allt á einni nóttu þegar framkvæmdirnar hófust,“ segir Víðir.

Til að byrja með sá Víðir um að flytja alls kyns byggingarefni á byggingarsvæðið fyrir Bykó og önnur fyrirtæki sem sáu byggingaradilunum fyrir aðföngum, en síðan hafi vinnan smám saman þróast



Víðir Ingvarsson.

yfir í þjónustu fyrir Fjarðaál. „Vinnan fyrir álverið er stöðug og ég hef meira en nóg að gera. Ég er undirverktaki Gámabjónustunnar og sinni að auki ýmsum sérverkefnum fyrir bæði VHE og Launafl, mest fyrir álverið. Þetta eru mjög fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem ég hef mikla ánægju af. Nú líða dagarnir og vikurnar hratt. Þetta er allt annað líf frá því sem áður var. Hér er mun meiri stöðugleiki en áður. Satt að segja veit ég ekki hvernig þetta væri ef álverið hefði ekki komið til,“ segir Víðir.

Vantaði góða vinnu og flutti því austur



Þórey Helga Albertsdóttir.

„Okkur hjónin vantaði bæði góða vinnu. Ég vann í verslun og maðurinn minn, sem hafði unnið hjá Eimskipi fyrir sunnan í tuttugu og sjö ár, var kominn norður, og okkur vantaði bara góða vinnu. Við horfðum austur á land þar sem allt var á fullu og ákváðum að sækja um hjá félaginu á Reyðarfirði. Og hér erum við,“ segir Þórey Helga Albertsdóttir, sem flutti til Reyðarfjarðar ásamt manni sínum, Páli Friðjónssyni í apríl 2007, fáum dögum áður en framleiðsla hófst í álverinu. Þau starfa bæði hjá Eimskipi á hafnar-svæðinu við Mjóeyrarhöfn, annarri stærstu útflutningshöfn landsins.

„Það hefur verið ákaflega gaman að taka þátt í uppbyggingunni hér og vera með í þeim breytingum sem hafa orðið frá 2007. Álverið spratt auðvitað ekki fullskapað úr höfði Seifs, hér voru barnasjúkdómar eins og alltaf þegar byrjað er á nýju verkefni,“ segir Þórey, sem er altöluð á álverssvæðinu fyrir skörungsskap og það að vilja láta hlutina ganga núna!

Þórey starfar í vöruhúsinu, þar sem Eimskip tekur á móti áli úr steypuskálanum sem er á hæðinni fyrir ofan. Álið kemur með lyftu niður um gat í loftinu, bæði hleifar, melmis-

stangir og rúllur, og þar taka starfsmenn Eimskips við og skanna hverja einustu vörueingingu og setja í vörustýringakerfi Alcoa. Þórey segir að mikið hafi breyst frá því að hún hóf störf á svæðinu.

„Þegar við byrjuðum var vöruhúsið ekki tilbúið. Þá fórum við með gáma og lyftara í framleiðsluskálann og gengum frá öllum hlutum þar, skönnuðum og fylltum gámana. Síðar fengum við aðstöðu til bráðabirgða í enda steypuskálans og loks árið 2009 komum við okkur fyrir hér og nú er þetta allt annað líf.“

Þórey sér ekki eftir því að hafa slegið til og flutt austur til að taka þátt í uppbyggingunni og vinna á hafnar-svæðinu hjá Eimskipi. Mér líkar mjög vel. Þó að allt mitt fólk sé fyrir norðan og þó að ég muni að lokum snúa aftur til Akureyrar, þá er ákaflega gott að vera hér í þessu samfélagi, maður finnur líka svo sterkt á austfirðingum hversu ánægðir þeir eru með fyrirtækið og þennan vinnustað. Þetta hefur breytt mjög miklu hérna, það er miklu lífvænlegra hér en áður.“



Hrollaugur og Þórólfur.

Þakklátir fyrir aukatímamann

Þeir Hrollaugur Marteinsson og Þórólfur Jóhannesson eru aldursforsetar Alcoa Fjarðaáls en báðir fagna þeir sjöttíu ára afmæli sínu síðari hluta ársins. Hrollaugur hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2006 og Þórólfur 2007 en þeir hafa unnið saman í skautsmiðjunni lengstan hluta þess tíma. Hvorugur þeirra var tilbúinn til þess að láta af störfum við 67 ára aldur heldur ákváðu að fara í „aukatíma“ eins og þeir kalla það að fara á átta tíma dagvaktir í álverinu.

Félagarnir eru eins og hanski og hönd, sjást frekar saman en í sitthvoru lagi á vinnutíma. Þeir voru heldur ekki ókunnugir þegar þeir fóru að vinna hjá Fjarðaáli því þeir kynntust ungir á Hornafirði og hafa haldið vinskapi allar götur síðan, voru raunar svilar um tíma. Þeir líta hér um öxl - rifja upp Fjarðaálsdvölina og uppljóstra áformum um skemmtileg og ljúf framtíðarplön.

Dvölin í álverinu

Þórólfur: „Ég kom hingað með tóman koll og opinn huga, gerði mér enga hugmynd um hvað framundan væri. Ég reyndi mitt besta á hverjum degi til þess að læra hlutina. Ég hef alla tíð verið í skautsmiðjunni og upplifað þetta sem mjög góðan tíma. Lengst af var ég á ofnasvæðinu en eftir að við Laugi fórum á átta tíma vaktir höfum við verið að sekkja raflausn og grípa í það sem þarf.“

Hrollaugur: „Ég hafði ekki hugmynd um út í hvað ég var að fara. Fyrir það fyrsta reiknaði ég alls ekki með því að verða ráðinn þegar ég sótti um þar sem ég var orðinn svo gamall. Ég byrjaði í skautsmiðjunni en var lánaður í kerskálann til þess að keyra skautbíl um tíma. Þetta hefur verið einstaklega skemmtilegur og lærdómsríkur tími. Það hefur einnig verið frábært að kynnst öllu þessu frábæra fólki.“

Ánægjulegt tækifæri

Þórólfur: „Það hefur skipt mig miklu máli, ég er mjög ánægður og þakklátur fyrir að hafa fengið þessi þrjú auka ár fram yfir það sem gengur og gerist. Ég verð að viðurkenna að mér finnst allt annað að vera á dagvöktunum, en ég get varla sagt að ég hafi orðið þreyttur eftir vakt síðan ég skipti. Það mun-

ar miklu að sofa allar nætur og eiga frí um helgar. Ég var ekki alveg tilbúinn til þess að hætta að vinna 67 ára en nú er komið að því og ég geng frá borði meira en sáttur.“

Hrollaugur: „Ég tek undir þetta með Þórólfi, ég er mjög sáttur með að hafa fengið tækifæri til þess að halda áfram og þetta hefur verið alveg frábær tími.“

Umskipti á samfélaginu

Flestir eru sammála um að álverið hafi skipt sköpum fyrir austfirskt samfélag og þeir félagar eru þar ekki undanskildir.

Þórólfur: „Hér eru mínar æskustöðvar og það sem situr mest eftir hjá mér er að sjá fjórðunginn fara upp á við með tilkomu álversins. Þróunin var ekki glæsileg. Mér þykir ómetanlegt að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í uppbyggingunni, leggja hönd á plóg og sjá þetta gerast.“

Hrollaugur: „Vissulega er álverið mjög mikil lyftistöng, þó svo að áhrifanna gæti ekki á mínum heimaslóðum, á Hornafirði. En auðvitað hefur álverið skipt sköpum fyrir fjórðunginn - allt þetta fólk, hvað væri það annars að gera?“

Þórólfur: „Ég er miklu meira en sáttur með þá ákvörðun mína að hafa látið til skarar skriða og komið - ég var orðinn 64 og enn út á sjó. Ég hafði gælt við það síðustu árin að fara í land en það bauð ekki upp á nein laun að fara í land á Hornafirði. Ég hugsaði með mér að kynslóðin sem ég byrjaði með á sjó væri nú komin undir græna torfu, mín öll komin í land og nú væri ég á sjó með þeirri þriðju - tíminn væri kominn. Það hefur verið svo ánægjulegt að kynnst öllu þessu fólki, sem allt er alveg afbragð,“ segir Þórólfur og Hrollaugur tekur undir.

Tómstundir taka nú við

Þórólfur: „Það er svo margt sem ég ætla að gera. Ég á trillu sem ég hef gaman af að brasa við. Svo stendur til að ég standi við stóru orðin sem ég gaf út í viðtalinu við Álpappírinn forðum - að golf væri bara fyrir börn og gamalmenni. Ég er kominn með kylfuna og genginn í golfklúbbinn á Reyðarfirði þannig að nú er bara að fara fyrsta hringinn. Ég hef líka verið með ferðabakteríu alla tíð, allt frá því að ég var lítill polli á Reyðarfirði og fraktskipin voru að koma frá Evrópu og Bandaríkjunum. Maður fékk þetta beint í æð frá sjórunum - heyrði þá tala um Hamborg og fleiri staði og áttaði sig á því að heimurinn væri dálítið stærri. Ég ætla í Karabíska hafið í nóvember, ég fór í siglingu árið 1984 og hefur dreymt um að fara aftur síðan. Svo tók ég eina ákvörðun fyrir lifandi löngu - að leggjast í lestur þegar ég hætti að vinna. Ég á mikinn stafla af bókum sem ég á eftir að klára, meðal annars allar Íslendingasögurnar, þannig að það er nóg framundan.“

Hrollaugur: „Já, það er nú það. Ég er nú ekki með mikið planað. Ég bý hins vegar svo vel að ég hef góðan aðgang að sveitinni hjá syni mínum sem býr í Fellunum og þang- að get ég alltaf farið og fundið mér eitthvað til dundurs. Ég er hins vegar ekki með neitt eitt ákveðið sem ég hef sett mér að gera, það kemur bara sjálfkrafa. Ég hef þó alls ekki hugsað mér að leggjast með tærnar upp í loft, því það er bara ávísun á eina leið. Ég er mjög sáttur með aukatímamann sem ég fékk hérna og framhaldið verður bara skemmtilegt, hvert sem það verður.“



Díana Mjöll.

Tvö öflug rútofyrirtæki í föstum ferðum fyrir Fjarðaál

Tanni Travel og Austfjarðaleið eru rótgróin rútofyrirtæki á Austurlandi, sem bæði hafa verið í föstum viðskiptum við Fjarðaál frá 2007. Þau aka starfsfólki að heiman í og úr vinnu, allt frá Breiðdalsvík til Neskaupstaðar.

Tanni Travel ekur starfsmönnum sem eiga heima á suðurfjörðunum, allt frá Breiðdalsvík, og einnig Fljótsdalshéraði og Reyðarfirði til og frá vinnu í álverið og Austfjarðaleið sér um akstur starfsmanna til og frá Neskaupstað og Eskifirði. Að auki annast Austfjarðaleið strætóakstur á álverslóðinni, það er, flutning starfsmanna til og frá steypuskála og kersmiðju í og úr mat í aðalbyggingunni, þar sem mótuneytið er.

98 þúsund manns ekið árlega á álverslóðinni

Ívar Sæmundsson, framkvæmdastjóri Austfjarðaleiðar, segir að tveir strætisvagnar séu notaðir við aksturinn á álversslóðinni, tveir við vaktaskipti kvölds og morgna, og einn yfir daginn. „Á ársgrundvelli taka rúmlega 98 þúsund starfsmenn Fjarðaáls sér far með vögnunum enda er ekið alla daga ársins. Þetta er óhemjumikið þegar maður spáir í það, þetta eru rúmlega 270 manns á hverjum sólarhring og vögnunum er ekið samtals um 19500 km á ári, bara á álverslóðinni.“

Mikilvægar tekjur

Alcoa er stærsti einstaki viðskiptavinur Tanna Travel og segir Díana Mjöll, markaðsstjóri fyrirtækisins, að þjónustan við Fjarðaál sé fyrirtækinu afar mikilvæg enda skapi hún stöðugar og ábyggilegar tekjur fyrir reksturinn. Hún segir að fyrirtækið hafi alltaf þurft að hafa fyrir lífinu til að lifa af, það sé í sjálfu sér óbreytt, en álverið hafi skapað fyrirtækinu traustari og áreiðanlegri tekjur sem litlir sem engir möguleikar voru til að afla sér áður en Alcoa settist að fyrir austan.

Sjálfsagðar öryggiskröfur

Díana segist ennfremur telja að þau fyrirtæki sem eigi í miklu návígi við Fjarðaál hafi lært margt af Alcoa hvað öryggismál varðar. „Við hlógum oft í byrjun, en nú þykja okkur þessar reglur eðlilegar og sjálfsagðar, og sættum okkur við þær með glöðu geði. Við byrjuðum að tileinka okkur auknar kröfur strax í byrjun byggingar álversins, enda innleiddi Bechtel öryggiskröfur Alcoa þar sem það átti við og skýlaus krafa um öryggisbeltí öllum sætunum í rútnunum var ein af þeim.“

Launafl – beinlínis stofnað til að veita Fjarðaáli nauðsynlega þjónustu



Magnús Helgason.

Launafl er dæmi um fyrirtæki sem var beinlínis stofnað með það fyrir augum að veita Fjarðaáli þjónustu. Fyrirtækið var stofnað árið 2007 af sex starfandi fyrirtækjum í Fjarðabyggð, á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Í upphafi voru einungis örfáir starfsmenn hjá nýja fyrirtækinu, en nú, fimm árum síðar, eru þeir nálega hundrað og þrjátíu. Á bilinu 85-90 prósent viðskipta Launafls eru við Fjarðaál.

Magnús Helgason er framkvæmdastjóri Launafls. Hann segir aðaltilganginn með stofnun fyrirtækisins hafa verið þann, að búa til öflugan aðila í heimahéraði sem væri þess megnugur að veita Fjarðaáli þá þjónustu sem það þyrfti til framtíðar litið. „Við lögðum til að byrja með aðaláherslu á þjónustu á sviði málmsmiði og á raf- og vélaviðgerðir og sáum til að byrja með alfarið um viðhald og viðgerðir á öllum farartækjafloða álversins og á fasteignum þess eftir að starfsemi álversins hófst og höfum gert síðan.“

Launafl frh.:

Eitt öflugasta iðnfyrirtækið í Fjarðabyggð

Frá stofnun félagsins hefur það þróast mikið. Það er nú eitt öflugasta iðnfyrirtækið í Fjarðabyggð og hefur m.a. á að skipa vélvirkjum, stálsmiðum, rafvirkjum, pípurum, trésmiðum, blikksmiðum, tæknifræðingum og framleiðslustarfsmönnum, sem starfa bæði í álverinu sjálfu og á verkstæðum Launafls við hlið Fjarðaáls.

Heildarþjónusta

„Við bjóðum viðskiptavinum okkar heildarþjónustu á víðtæku sviði og rekum í því skyni fjölda deilda, svo sem byggingadeild, farartækjaverkstæði, málmsmiðaverkstæði, lagerverslun, pípu-lagnadeild, rafviðgerðaverkstæði, vélaverkstæði, blikkdeild og tæknideild,“ segir Magnús.

Enn að stækka

Eins og áður segir starfa nú tæplega 130 manns hjá Launafl. Magnús segir að verkefni fyrirtækisins hafi vaxið ár frá ári allt frá stofnun og sú þróun sé enn í gangi. „Við erum enn að ráða mannskap enda er þörfin viðvarandi vegna aukinna verkefna fyrir álverið. Á þessu ári og því síðasta höfum við ráðið 10-15 manns, bæði heimamenn og menn annars staðar frá. Sumir þeirra hafa flust búferlum með fjölskyldum sínum hingað austur, en ein ástæða þess að illa gengur að fá fleira fjölskyldufólk á svæðið er vöntun á störfum fyrir makann. Ég held að það þurfi að skapa viðtækt samstarf sem flestra hagsmunaaðila hér eystra til að vinna að tillögum um hvernig ráða megi bót á þessum vanda, því þetta er aðalflöskuhálsinn,“ segir Magnús Helgason, framkvæmdastjóri Launafls.

Menn skyldu ekki vanmeta afleiddu störfin



Guðgeir Sigurjónsson.

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf. (VHE) er eitt þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem vaxið hefur fiskur um hrygg á Austurlandi með sívaxandi starfsemi og nær stöðugum mannráðningum síðan álverið reis við Reyðarfjörð. Þar starfa nú á fjórða hundrað manns, um 150 í Hafnarfirði, og um 160 fyrir austan. VHE, sem stofnað var 1971, er nú m.a. orðið sérhæft þjónustufyrirtæki fyrir íslensku álverin, hannar og smíðar orðið ýmsan vélbúnað fyrir þau, einnig önnur álver víðsvegar um heim.

Á álverslóðinni við Reyðarfjörð er VHE með tæplega 5000 fm verkstæði á Hrauni 5 og 10. Þar er m.a. skelsmiðja, tjakka-viðgerðir, lagerhald fyrir Fjarðaál, framleiðsla á hitaþolnum steypuefnum, sandblástur, málningaraðstaða, gámaviðgerðir og fleira auk þess sem fyrirtækið rekur nú hina nýju kersmiðju Fjarðaáls sem tekin var í notkun fyrr í sumar. Guðgeir Sigurjónsson, framkvæmdastjóri VHE á Austurlandi, segir fyrirtækið hafa vaxið hratt frá 2007. Fyrirtækið fór að vaxa markvisst frá því um 2000, bæði með kaupum og sameiningum við önnur fyrirtæki en tók kipp í kringum

2007 þegar álverið tók til starfa og hefur vaxið hratt síðan.

Mikil sérhæfing

„Þegar við opnuðum hér fyrir austan árið 2007 voru starfsmenn alls 60. Nú erum við 310. Okkur hefur fjölgað jafnt og þétt samfara aukinni þjónustu við Fjarðaál, en einnig samfara því að VHE er farið að smíða ýmsan sérhæfðan búnað sem við höfum einnig markaðssett gagnvart álverum erlendis. Núna erum við t.d. að smíða tindaréttingarvél fyrir álver ALRO í Rúmeníu og Álver Kubal í Svíþjóð, sem verða afhentar í haust. Á Reyðarfirði höfum við einnig nýlokið við hönnun og smíði á leðjukæli fyrir Jarðbor-anir sem sendur var til Azoreyja.“

Sjá um kersmiðjuna

VHE kom að byggingu kersmiðju Fjarðaáls og sér fyrirtækið um allan rekstur smiðjunnar, endurfóðrun kera álversins og viðgerðir á kerskeljum. Vegna þessarar nýju viðbótar í starfsemi VHE sér Guðgeir fram á að þurfa að ráða í sextíu ný störf á Reyðarfirði og hefur þegar verið ráðið í stóran hluta þeirra. „Það er hins vegar skort-

ur á því fólki sem okkur vantar í greinina, þrátt fyrir að hér sé um hálaunastörf að ræða. Þetta er þekkt vandamál um allt land, líka á höfuðborgarsvæðinu. Við Íslendingar leggjum ekki næga áherslu á iðnmenntun. Það er skortur á stálsmiðum, vélvirkjum og sérmenntuðu fólki í fleiri greinum,“ segir Guðgeir, sem leggur áherslu á mikilvægi afleiddra starfa fyrir þjóðarbúið, sem fylgir starfsemi álveranna.

Vel launuð störf

„Það voru og eru ansi miklir fordómar í garð álveranna, aðallega á höfuðborgarsvæðinu. Þar held ég að hann sé þó einna minnstur í Hafnarfirði enda þekkir fólk þar af eigin raun hversu mikilvægt álverið í Straumsvík er. Hið sama á við um íbúana hér fyrir austan. Hér hafa orðið alger umskipti til hins betra. Álverunum fylgir örugg og góð vinna, þetta eru vel launuð störf og önnur fyrirtæki sem veitt geta álverunum góða þjónustu geta blómstrað. Fólk skyldi ekki vanmeta mikilvægi afleiddra starfanna sem fylgja starfsemi álveranna. Margfeldis-áhrifin eru mikil,“ segir Guðgeir, framkvæmdastjóri VHE á Austurlandi.

Umhverfis Fjarðaál á fimm árum

Á þessum merku tímamótum er ástæða til að staldra við og líta yfir farinn veg í umhverfismálum fyrirtækisins. Árin frá 2007 hafa verið afar spennandi og árangursrík, fyrirtækið er enn ungt en hefur samt þroskast mikið og hratt.

Viðmiðunarmörk í starfsleyfi Fjarðaáls fyrir losun eru lág og styðja þannig við þau metnaðarfullu umhverfismarkmið sem fyrirtækið setur sér. Í umhverfismálum hefur náðst góður árangur sem endurspeglast sem aukinn stöðugleiki í rekstri fyrirtækisins. Það er jafnframt merki um aukinn þroska þess að vitund starfsfólks um umhverfismál fer stigvaxandi og mikill áhugi hefur verið á að taka virkan þátt í endurbótum á því sviði.

Faggild vottun

Seinni hluta árs 2011 var umhverfisstjórnunarstaðallinn ISO 14001 innleiddur ásamt heilsu- og öryggisstaðlinum OHSAS 18001. Þessi faggilda vottun, og það hversu áreynslulítið það var að standast úttektina, sýnir hversu áreiðanleg framleiðslu- og stjórnunarferli fyrirtækisins eru orðin. Fyrir hafði Alcoa Fjarðaál staðalinn ISO 9001 fyrir framleiðslu í steypuskála.

Útblástur

Helsta uppspretta mengandi efna í lofti er útblástur frá kerskálum. Sá útblástur fer annars vegar upp um rjáfur skálanna og er hins vegar sogaður burt frá kerum og leiddur um þurrhrensivirki. Við það eru meira en 99,8% af heildarflúor fjarlægð úr afsogslofti keranna en flúorinn er síðan endurnýttur í framleiðsluferlinu. Strangt er fylgst með losun helstu mengandi efna, en þau eru loftkennt flúoríð (HF), ryk (PM) og brennisteinsdíoxíð (SO₂) auk gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings (CO₂) og perflúorkolefna (PFC).

Í öllum tilfellum hefur árangur verið undir þeim mörkum sem tiltekin eru í starfsleyfi og í samræmi við áætlanir. Í nokkrum tilfellum hefur náðst mjög góður árangur. Sem dæmi má nefna sérlega góðan árangur í tengslum við útblástur á F og PFC frá kerskálum á árunum 2008 til 2011. Ákvæði í starfsleyfi um losun PFC urðu virk 1. janúar 2011 og reyndist losun ársins einungis um 50% af starfsleyfismörkum. Það sama ár reyndist útblástur flúors vera 0,22 kg fyrir hvert framleitt tonn af áli og því töluvert undir mörkum í starfsleyfi.

Grænt bókhald

Mikið magn gagnlegra upplýsinga um umhverfismál og þau áhrif sem Fjarðaál hefur á umhverfi sitt er að finna í Grænu bókhaldi fyrirtækisins, skýrslu sem Fjarðaál gefur út. Hún er opinbert skjal sem gefið er út einu sinni á ári og er hana að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Í skýrslunni er að finna tölulegar upplýsingar um notkun hráefna, endurvinnslu, útflutning, framleiðslu, urðum o.fl. Grænt bókhald fyrir Fjarðaál má líka nálgast í prentuðu formi á skrifstofu fyrirtækisins.

Nær allar aukaafurðir endurnýttar

Fjarðaál fylgir metnaðarfullri stefnu um endurnýtingu og endurvinnslu aukaafurða eða úrgangs. Fyrirtækið leitar stöðugt leiða til að koma öllum aukaafurðum, sem falla til við framleiðsluna, til endurvinnslu í stað urðunar enda er það eitt af meginmark-

miðum móðurfélagsins að draga úr urðun eins og kostur er. Fjarðaál hefur sýnt fram á að hægt sé að endurvinnna og endurnýta svo til allan úrgang í stað þess að senda hann til urðunar. Um 99,5% til 99,6% allra aukaafurða sem verða til hjá fyrirtækinu á ári hafa verið endurunnar eða endurnýttar.

Samstarf í náttúru- og umhverfisvernd

Alcoa Fjarðaál tekur virkan þátt í verkefnum sem beinast að náttúru- og umhverfisvernd hér á landi. Í því sambandi má nefna samstarf við Skógræktarfélag Reyðafjarðar á sviði skógræktar og samstarf við Skógrækt ríkisins á sviði rannsókna á kolefnisbindingu með skógrækt. Einnig má nefna stuðning við félagasamtökin Vini Vatnajökuls sem vinnur að eflingu og framgangi Vatnajökulspjóðgarðs.

Sjálfbærni.is

Einnig ber að nefna einstakt samstarfsverkefni Fjarðaáls og Landsvirkjunar um sjálfbæra þróun sem kynnt er á heimasíðu verkefnisins, sjalfbærni.is. Markmið þess er að fylgjast með áhrifum framkvæmda og starfsemi virkjunar og álvers á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi út frá mælanlegum vísum. Hér er á ferðinni verkefni sem er á margan hátt einstakt í sinni röð. Fyrirtækin hafa skuldbundið sig til þess að safna gögnum, halda þeim til haga og miðla áfram til almennings, bæði til fróðleiks en ekki síður í því skyni að þau nýttist í öðrum verkefnum eða rannsóknum.



Áljeppi leitar að Marsbúum

Hversu lífvænleg er rauða reikistjarnan?



Myndirnar sem Forvitni hefur tekið af yfirborði Mars gætu verið frá Íslandi.

Atlas V geimflauginni skotið á loft 26. nóvember 2011. Í geimfluginni er einnig mikið af áli.

Áljeppinn Forvitni (Curiosity) lenti heilu og höldnu á Mars þann 6. ágúst síðastliðinn, eftir 570 milljóna kílómetra ferðalag frá Jörðu, sem tók tæpa níu mánuði. Forvitni rannsakar nú hversu lífvænleg rauða reikistjarnan kunni að vera eða hafi verið. Þessi hreyfanlega rannsóknastofa Bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA er kjarnorkuknúin og á að geta farið 20 km um yfirborð Mars í eitt Marsár, sem eru 686 jarðdagar. Vonast er til að leiðangurinn verði mun lengri. Forvitni er hlaðinn vísindatækjum. Álskrokkurinn, sem kallaður er WEB eða Warm Electronics Box heldur tækjunum heitum, en hitastigið á Mars getur farið niður í -127°C. Alcoa hefur verið aðalbirgi NASA fyrir ál frá upphafi geimferða.

Forvitni er 2,7 metra langur og vegur um 900 kíló. Þar af eru vísindatækin um 80 kíló. Bíllinn er því alltof þungur til þess að hægt hefði verið að lenda honum með hjálp





Forvitni lenti á Mars í sérhönnuðu geimfari með þotuhreyflum.

Í upphafi framleiðir kjarnaofninn 125 watta afl og 100 wött að fjórtán árum liðnum. Forvitni framleiðir 2,5 kílówattstundir af raforku á dag.

loftpúða, eins og fyrirrennurum hans, t.d. Spirit og Opportunity, en Forvitni er fjórða geimfarið sem NASA sendir til Mars frá 1997.

Í Forvitni er lítill kjarnaofn sem sér honum fyrir orku, ólíkt Spirit og Opportunity sem eru knúinir sólarorku. Raforkan verður til úr varmanum sem hlýst af náttúrulegri hrörnun plútóns-238 samsætunnar. Á þennan hátt er orkuframleiðslan óháð árstíðum og tíma dags. Í upphafi framleiðir kjarnaofninn 125 watta afl og 100 wött að fjórtán árum liðnum. Forvitni framleiðir 2,5 kílówattstundir af raforku á dag.

Tíu vísindatæki eru um borð í Forvitna. Í skroknum eru sýnagreinigartæki sem eiga að greina lífræn efni og gastegundir. Á mastri jeppans eru nokkrar myndavélar. MastCam tekur 10 ramma á sekúndu í þrívíðri háskerpuupplausn. ChemCam skýtur innrauðum leysigeisla úr allt að tíu metra fjarlægð. Þegar geislinn lendir á berginu gufar smávægilegt magn af efni upp af því. Öflug myndavél og litrófsgreinir kanna svo úr fjarlægð efnasamsetningu þess sem gufar upp af berginu.



Þrjár kynslóðir Rover-bíla hafa nú ekið um Mars. Allir eru bílarnir að stórum hluta úr áli. Sá elsti er eins og leikfangabíll í samanburði við Forvitni.

Á jeppanum er fjarstýrður armur sem sækir sýni af yfirborðinu og færir í greinigartækin inni í skroknum. Á arminum er myndavél sem tekur smásjármyndir í mjög hárrí upplausn. Á arminum er einnig röntgenlitrófsgreinir sem mælir magn frumefna í bergi og jarðvegi. Af öðrum mælitækjum í Forvitna má nefna geislunarmæli og veðurathugunartæki.

Á Forvitna eru sex mótordrifin hjól. Tvö fremstu og tvö öftustu hjólin hafa einnig sjálfstæða stýrimótora sem gera jeppanum kleift að snúa sér heilan hring á punktinum. Dekkin eru úr svörtu, sveigjanlegu áli. Jeppinn getur ekið yfir 75 cm háar hindranir. Hámarkshraði er 90 metrar á klukkustund.

Hægt er að fræðast nánar um Forvitna á Stjörnufræðivefnum.



Alcoa Fjarðaál

